

Stjórnartíðindi

2005 - B-deild - B128-131

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Minniháttar gallar á bls. 2047, 2065, 2120, 2125, 2163, 2167, 2170, og 2208.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Stjórnartíðindi

B 128-131

Nr. 951-984

2005

Efnisyfirlit B 128–131 2005

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
951	28. okt.	Auglýsing um deiliskipulag í Kópavogi	1965
952	1. nóv.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 924, 21. október 2005, um vigtun og skráningu norsk- íslenskrar síldar við veiðar á sumargotssíld	1966
953	31. okt.	Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík	1966-1967
954	31. okt.	Auglýsing um nýtt deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík	1967-1968
955	3. nóv.	Auglýsing um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík	1969
956	3. nóv.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012, Kópavogstún	1970
957	3. nóv.	Auglýsing um deiliskipulag á Akranesi	1970
958	8. nóv.	Reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda	1971
959	8. nóv.	Gjaldskrá fyrir Stjórnartíðindi	1972
960	7. nóv.	Auglýsing um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík	1973
961	8. nóv.	Reglugerð um fullnustu refsinga	1974-1978
962	27. okt.	Auglýsing um skipulagsmál í Mosfellsbæ	1979
963	27. okt.	Auglýsing um skipulagsmál í Mosfellsbæ	1980
964	28. okt.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi Heiðarbyggðar, frístundabyggðar í landi Geldingsár, Svalbarðsstrandarhreppi	1981
965	25. okt.	Samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 638/2001, með síðari breytingum	1982
966	28. okt.	Reglugerð um (2.) breytingu á reglugerð nr. 881/2003 um niðurfellingu eða endurgreiðslu tolla fyrir matvælaíðnað ..	1983
967	30. okt.	Auglýsing um deiliskipulag Dyrhólaeyjar, Mýrdalshreppi ...	1984
968	28. okt.	Auglýsing um deiliskipulag fyrir Tunguás úr landi Hallgeirstaða, Jökulsárhlíð, Fljótshéraði	1985
969	28. okt.	Auglýsing um skipulagsmál í Mosfellsbæ	1986
970	11. nóv.	Auglýsing (I) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta	1987-1995
971	11. nóv.	Auglýsing um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík	1996
972	15. nóv.	Reglugerð um breytingu á reglugerð um merkingar búfjár nr. 289/2005	1997
973	16. nóv.	Reglugerð um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum, trjám o.fl.	1998-1999
974	16. nóv.	Reglugerð um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á ostum frá Noregi	2000
975	18. nóv.	Reglugerð um bann við síldveiðum með flotvörpu út af Héraðsflóa	2001

Framhald á 3. kápusíðu.

STJÓRNARTÍÐINDI B 128 – 2005

28. október 2005

1965

Nr. 951

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Kópavogi.

Vatnsendi – Þing. Byggð Hrafnistu. Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogs þann 24. maí 2005 samþykkt tillögu að deiliskipulagi byggðar Hrafnistu í Þingum, Vatnsenda.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.
Skipulagið öðlast þegar gildi.

Hörðukór 3. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 22. september 2005 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 3 við Hörðukór.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.
Skipulagið öðlast þegar gildi.

Baugakór 38. Grunnskóli. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 22. september 2005 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 38 við Baugakór.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.
Skipulagið öðlast þegar gildi.

Miðbær Kópavogs. Upplýsingamiðstöð, unglíngahús, bílastæðahús. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 18. ágúst 2005 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi í miðbæ Kópavogs,- upplýsingamiðstöð, unglíngahús og bílastæðahús.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.
Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 28. október 2005.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 924, 21. október 2005, um vigtun og skráningu norsk-íslenskrar síldar við veiðar á sumargotssíld.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Vigtunarleyfishafi sem tekur á móti síld eða skipstjóri skips sem vinnur afla um borð skal taka sýni úr afla sem veiddur er austan 17°00'V. Niðurstaða sýnatöku skal lögð til grundvallar við ákvörðun magns og skráningu síldartegunda.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum og laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 1. nóvember 2005.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík.

Naustabryggja 54 og 56.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur þann 19. október 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Bryggjuhverfi vegna Naustabryggju 54 og 56.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Bauganes 27.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur þann 19. október 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Einarsnes vegna Bauganes 27.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Ljósaland 2.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur þann 12. október 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Fossvogshverfi vegna Ljóslands 2.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Byggðarendi 13.

- Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur þann 5. október 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Fossvogshverfis vegna Byggðarenda 13. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Hólmvað 6-8.

- Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur þann 19. október 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Norðlingaholt vegna Hólmvaðs 6 – 8. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 31. október 2005.

Helga Bragadóttir.**AUGLÝSING****um nýtt deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.***Reitur 1.230, Bílanaustreitir.*

- Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 29. september 2005 deiliskipulag fyrir reit 1.230, Bílanaustreit, lóðirnar Borgartún 26 og Sóltún 1 og 3.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Hörpugata 2.

- Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur þann 12. október 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Hörpugötu 2.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Urriðakvísl 17.

- Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 11. ágúst 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Ártúnsholt vegna lóðarinnar Urriðakvísl 17.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Jafnasel 8 – 10.

- Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur þann 12. október 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Jafnasel 8 - 10.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Klapparberg 12.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur þann 12. október 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Breiðholt III, vegna lóðarinnar Klapparberg 12.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 31. október 2005,

e.u. **Ágústa Sveinbjörnsdóttir.**

STJÓRNARTÍÐINDI B 129 – 2005

3. nóvember 2005

1969

Nr. 955

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Látrasel 11.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur þann 26. október 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Seljahverfi, Látrasel 11. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Þjóðhildarstígur 2-6.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur þann 26. október 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Grafarholt, svæði 3 vegna Þjóðhildarstígs 2-6. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Bólstaðarhlíð 20.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur þann 26. október 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Bólstaðarhlíð, Ísaksskóla. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Suðurlandsbraut, Hallarmúli, Ármúli, Vegmúli.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti Skipulagsráð Reykjavíkur þann 26. október 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Suðurlandsbraut, Hallarmúla, Ármúla og Vegmúla. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 3. nóvember 2005.

Helga Bragadóttir skipulagsfulltrúi.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012, Kópavogstún.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 3. nóvember 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012, frá 23. apríl 2002.

Breytingin felst í því að svæði fyrir þjónustustofnanir á Kópavogstúni breytist í íbúðarsvæði og opin svæði. Austast á svæðinu, næst Kópavogsbænum, stækkar svæði með blandaðri landnotkun (þjónustusvæði og opið svæði til sérstakra nota).

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Kópavogs. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 3. nóvember 2005.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Akranesi.

Breyting á deiliskipulagi Breiðarsvæðis.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 12. apríl 2005, var samþykkt deiliskipulagsbreyting á lóðunum við Vesturgötu 14 og Hafnarbraut 8 á Akranesi.

Breytingin felst m.a. í að skilgreina byggingareit innan lóðarinnar. Byggingareitur verður á lóðamörkum á þrjá vegu. Nýtingarhlutfall lóðar verði 0,9. Hámarkshæð húsa verði 8 metrar. Að hluta til verði heimild til að setja skrifstofu- og þjónustubyggingu upp á 2 hæðir. Kvöð verður á lóð Hafnarbrautar 8 um að á þeirri lóð verði 4 bílastæði sem lóðin Vesturgata 14 hefur til afnota.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Akranesi, 3. nóvember 2005.

Sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs,

Þorvaldur Vestmann.

STJÓRNARTÍÐINDI B 130 – 2005

8. nóvember 2005

1971

Nr. 958

REGLUGERÐ um útgáfu Stjórnartíðinda.

1. gr.

Almennt.

Stjórnartíðindi skulu gefin út rafrænt og þau birt á veffanginu www.stjornartidindi.is. Á þetta við um allar deildir Stjórnartíðinda.

Réttaráhrif birtingar í Stjórnartíðindum, sbr. 8. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15 10. mars 2005, skulu bundin við rafræna útgáfu á vef Stjórnartíðinda.

Ráðherra getur, ef brýna nauðsyn ber til, ákveðið að réttaráhrif birtingar miðist við prentaða útgáfu Stjórnartíðinda, og skal slík ákvörðun birt þar.

2. gr.

Öryggi og áreiðanleiki birtra upplýsinga.

Til að tryggja öryggi og áreiðanleika birtra upplýsinga, sbr. 1. mgr. 7. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, skal útgefandi gæta þess að:

- birt efni sé frá réttum og þar til bærum aðilum,
- upplýsingar séu, svo sem kostur er, varðar gegn skemmdum, þjófnaði, eldi, náttúruhamförum og þess háttar atburðum,
- upplýsingar séu, svo sem kostur er, varðar gegn rafrænum árásum,
- alltaf séu til áreiðanleg og örugglega varðveitt afrit af birtu efni og hugbúnaðarkerfum.

Kerfisbundnar öryggisráðstafanir skulu gerðar reglulega til að tryggja áreiðanleika birtra upplýsinga og að tryggja að skilyrðum 1. mgr. verði að öðru leyti fullnægt eftir því sem kostur er.

3. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 3. mgr. 6. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15 10. mars 2005, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 8. nóvember 2005.

Björn Bjarnason.

Ragna Árnadóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 131 – 2005

Nr. 959

1972

8. nóvember 2005

GJALDSKRÁ fyrir Stjórnartíðindi.

1. gr.

Samkvæmt 3. mgr. 6. gr. laga nr. 15 10. mars 2005, um Stjórnartíðindi og Lögbirtinga-
blað, eru gjöld fyrir efni sem birtist í Stjórnartíðindum hér með ákveðin þannig:

1. Fyrir efni í B-deild allt að 2000 stafabilum sem sent er inn í gegnum auglýsingakerfi Stjórnartíðinda greiðist lágmarksgjald sem er 4.400 krónur. Fyrir hvert stafabil umfram fyrstu 2000 greiðist 2 kr. fyrir stafabil, hvert slag.
2. Gjald fyrir birtingu efnis í C-deild Stjórnartíðinda skal vera kr. 4.000 fyrir hverja síðu.
3. Fyrir efni sem sérstaklega er óskað eftir að birt sé með hraðbirtingu skal greiða 80% álag á framangreint gjald.

Heimilt er að innheimta allt að tvöfalt verð auglýsingar vegna vinnu við innslátt eða uppsetningu.

Heimilt er að innheimta álag þótt auglýsing hafi verið afturkölluð.

2. gr.

Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laga nr. 15 10. mars 2005, um Stjórnartíðindi og Lögbirtinga-
blað, eru gjöld fyrir áskrift að prentaðri útgáfu Stjórnartíðinda sem hér segir:

A-deild kr. 4.000 á ári.

B-deild kr. 15.000 á ári.

C-deild kr. 3.000 á ári.

Verð einstakra prentaðra hefta er kr. 1.800.

Verð samkvæmt þessari grein gilda einnig fyrir deildir eldri árganga.

Póstsending innanlands er innifalin í verði áskriftar og einstakra hefta, en fyrir kostnað vegna póstsendingar til útlanda skal greiða sérstaklega.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem kemur í stað auglýsinga nr. 734 frá 30. desember 1997 og nr. 110 frá 1. febrúar 2001, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 8. nóvember 2005.

Björn Bjarnason.

Ragna Árnadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 8. nóvember 2005

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Vættaborgir 3.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur þann 26. október 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Borgarhverfi, vegna lóðarinnar Vættaborgir 3. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Eirhöfði 10-12.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur þann 26. október 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Ártúnshöfða vegna lóðarinnar Eirhöfða 10-12. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Mýrargata 26.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 13. október 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Ellingsenreit, vegna lóðarinnar Mýrargötu 26. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 7. nóvember 2005.

Helga Bragadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 9. nóvember 2005

REGLUGERÐ um fullnustu refsinga.

1. gr.

Hlutverk fangelsismálastofnunar.

Hlutverk fangelsismálastofnunar er:

1. Að sjá um fullnustu refsisdóma. Fangelsismálastofnun framsendir lögreglustjóra sektardóma til fullnustu og sakarkostnað til innheimtu.
2. Að annast eftirlit með þeim sem frestað er ákæru gegn, dæmdir eru skilorðsbundið og gert að sæta eftirliti, fá skilorðsbundna reynslulausn, náðun eða frestun afplánunar.
3. Að sjá um að í fangelsum sé veitt sérhæfð þjónusta svo sem kveðið er á um í lögum og öðrum reglugerðum.
4. Að annast önnur verkefni í samræmi við ákvæði laga um fullnustu refsinga og reglugerða settra samkvæmt þeim, svo sem að halda utan um tölulegar upplýsingar á sviði stofnunarinnar og þar með stuðla að rannsóknum á sviði fangelsismála.

2. gr.

Meðferðar- og vistunaráætlun o.fl.

Fangelsismálastofnun skal í samvinnu við fanga gera meðferðar- og vistunaráætlun í upphafi refsivistar hans með tilliti til lengdar refsingar og persónulegra haga fangans. Í áætluninni skal meðal annars koma fram áhættumat, meðferðarþörf, geta til náms og/eða vinnu, og þörf fyrir sálfræðilegan, félagslegan og annan stuðning. Vinna skal eftir þessari áætlun með fanga á afplánunartímanum af menntuðu og þjálfuðu starfsfólki og skal endurskoða hana reglulega.

Markmið meðferðar- og vistunaráætlunarinnar er að fangi nái, eftir lok afplánunar, að fóta sig í samfélaginu, hann kunni að leita sér aðstoðar, hann eigi fastan samastað og hafi góð tengsl við fjölskyldu og/eða vini.

3. gr.

Vinna í fangelsi.

Matarhlé telst ekki til vinnutíma.

Þegar fangi getur ekki af trúarástæðum unnið tilgreindan vikudag skal tekið tillit til þess, eftir því sem aðstæður leyfa. Í slíku tilviki getur forstöðumaður fangelsis ákveðið að fangi uppfylli vinnuskyldu með öðrum hætti.

4. gr.

Þóknun og dagpeningar.

Fangelsismálastofnun skal setja gjaldskrá um þóknun fyrir vinnu og nám, upphæð dagpeninga fanga og greiðslufyrirkomulag. Þóknun fyrir hverja klukkustund fer eftir eðli starfs. Fangi í námi skal fá þóknun fyrir hverja kennslustund, en þó ekki fyrir fleiri kennslustundir en fimm á dag. Þóknun og dagpeningar skulu greiddir eftir á og að lágmarki á tveggja vikna fresti. Gjaldskráin skal endurskoðuð árlega.

Heimilt er að greiða þóknun samkvæmt ákvæðislaunakerfi eða bónuskerfi í sérstökum tilvikum eða vegna sérstakra verkefna enda hafi fangelsismálastofnun samþykkt slíkt fyrirkomulag fyrirfram.

5. gr.

Nám, vinna eða starfsþjálfun utan fangelsis.

Við mat á því hvort heimila skuli fanga að stunda nám, vinnu eða vera í starfsþjálfun utan fangelsis skal taka tillit til afbrots og sakar- og afplánunarferils hans. Einnig skal taka tillit til hegðunar fangans í fangelsi og þess hvort hann hafi notfært sér meðferðarúrræði sem til boða hafa staðið í fangelsi. Að öðru leyti ber að hafa til hliðsjónar skilyrði fyrir veitingu dagsleyfa samkvæmt lögum um fullnustu refsinga.

6. gr.

Dvöl ungbarna í fangelsum.

Leyfa má konu, í samráði við barnaverndarnefnd, að hafa ungbarn sitt hjá sér í fangelsi fyrstu mánuði ævi þess, og að jafnaði þar til það verður 18 mánaða að aldri, enda sé það ekki talið andstætt hagsmunum barnsins.

7. gr.

Fyrirkomulag heimsóknna.

Fanga er heimilt að taka á móti gestum í allt að 2 klst. í senn. Forstöðumaður fangelsis getur ákveðið að heimsóknartími sé lengri, bæði almennt og í einstökum tilfellum.

8. gr.

Eftirlit með heimsóknnum.

Í upphafi afplánunar skal fangi skýra starfsmönnum fangelsis frá því hverjir séu nánustu vandamenn hans. Fangi skal tilkynna starfsmönnum fangelsisins um heimsókn slíkra aðila.

Óski fangi eftir heimsókn annarra en tilkynnt var um í upphafi skal hann að jafnaði tilkynna það með tveggja vikna fyrirvara. Heimilt er að krefja þann er heimsækir fanga um persónuskilríki.

9. gr.

Eftirlit með heimsóknargestum.

Forstöðumaður fangelsis setur reglur um hvaða hluti heimsóknargestur má hafa með sér. Heimilt er að setja það skilyrði að það sem farið er með til fanga sé skoðað. Hlutir sem heimsóknargestum er bannað að koma með til fanga, skulu varðveittir tryggilega á meðan á heimsókn stendur.

10. gr.

Heimsóknir barna.

Heimsóknir barna yngri en 16 ára til fanga skulu fara fram í fylgd forráðamanns eða annars aðstandanda. Heimilt er að leyfa barni sem náð hefur 16 ára aldri að heimsækja fanga án fylgdar, liggi fyrir skriflegt samþykki forráðamanns eða annars aðstandanda, enda verði það ekki talið andstætt hagsmunum barnsins.

11. gr.

Reglubundnar heimsóknir.

Fangelsismálastofnun getur leyft reglubundnar heimsóknir tilgreindra einstaklinga til eins eða fleiri fanga án þess að það skerði rétt fanga til almennra heimsóknna. Slíkar heimsóknir mega fara fram utan reglubundinna heimsóknartíma.

12. gr.

Heimsóknir undir eftirliti.

Þegar heimsókn fer fram undir eftirliti fangavörðar má setja það skilyrði að samtal fari fram á tungumáli er fangavörðurinn skilur, enda teljist það nauðsynlegt til að viðhalda góðri reglu og öryggi í fangelsi eða til að fyrirbyggja refsiverðan verknað. Ef aðstæður krefja skal fá tulk til aðstoðar.

13. gr.

Nánari reglur um fyrirkomulag heimsókna.

Forstöðumaður fangelsis getur að öðru leyti sett nánari reglur um fyrirkomulag heimsókna. Upplýsa skal þann sem kemur í heimsókn til fanga um þær reglur er gilda um heimsóknir.

14. gr.

Haldlagning bréfs.

Nú er hald lagt á bréf og skal þá sendanda tilkynnt um að það hafi verið haldlagt, nema ríkar ástæður séu til annars.

15. gr.

Opinberar stofnanir.

Með opinberum stofnunum í 4. mgr. 36. gr. og 2. mgr. 37. gr. laga um fullnustu refsinga er, auk íslenskra opinberra stofnana, átt við:

1. Mannréttindadómstól Evrópu.
2. Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna.
3. Nefnd Sameinuðu þjóðanna gegn pyndingum.
4. Evrópunefnd um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.
5. Stjórnarereindreka eða ræðismann, ef fangi er ríkisborgari viðkomandi ríkis.

16. gr.

Aðgangur að fjölmiðlum.

Skrifleg umsókn um viðtal við fanga í fjölmiðli skal send fangelsismálastofnun. Þar skal koma fram við hvern óskað er viðtals, efni viðtals í meginatriðum og hvort óskað er eftir myndatöku eða hljóðritun. Þegar metið er hvort viðtal verður veitt skal fangelsismálastofnun einkum líta til alvarleika brots, hversu langt er liðið á afplánun fangans og hegðunar hans í refsivist. Viðtal verður ekki veitt ef talið er að það sé andstætt almannahagsmunum eða hagsmunum brotþola.

Nú er um gæsluvarðhaldsfanga að ræða og ákveður þá sá sem rannsókn stýrir í viðkomandi máli að höfðu samráði við fangelsismálastofnun hvort viðtalið skuli heimilað.

Nú er veitt heimild til viðtals og skal þá í leyfinu kveðið á um hvernig því skuli háttað, þ.á m. um eftirlit með viðtalinu og að fangelsismálastofnun sé heimilað að skoða viðtal eða myndatöku í endanlegri mynd áður en það er birt eða sent út til að staðreyna hvort skilyrði fyrir viðtalinu eða myndatöku hafi verið uppfyllt í því skyni að tryggja að viðtalið teljist hvorki andstætt almannahagsmunum eða hagsmunum brotþola.

Bein útsending viðtals er óheimil. Ekki er heimilt að nafngreina eða fjalla um persónuleg málefni annarra fanga í viðtali en þess sem viðtalið er við. Ekki er heimilt að mynda aðra fanga en viðtalið er við nema með þeirra samþykki. Forstöðumaður fangelsis ákveður hvar myndataka fer fram.

17. gr.

Reglubundin dagsleyfi.

Greiða skal fanga þóknun eða dagpeninga, eins og venjulega, fyrir þann tíma sem hann er utan fangelsis vegna leyfis, nema þegar hann hefur rofið skilyrði leyfisins eða að öðru leyti þær reglur sem um það giltu eða misnotað það að öðru leyti.

18. gr.

Synjun um leyfi eða afturköllun þess.

Nú er synjað um leyfi til dvalar utan fangelsis vegna þess að hætta er á að fangi muni misnota það eða það er afturkallað, og skal þá koma fram hvenær ákvörðunin geti fyrst komið til endurskoðunar.

19. gr.

Skilyrði reynslulausnar.

Fangelsismálastofnun er heimil að ákveða að fangi skuli látinn laus til reynslu þegar hann hefur aflánað tvo þriðju hluta refsítímans, eða þegar helmingur refsítímans er liðinn, sbr. 2. mgr. 63. gr. laga um fullnustu refsinga.

Að jafnaði verður fanga ekki veitt reynslulausn þegar liðinn er helmingur refsítímans, ef hann aflánar refsingu fyrir alvarlegt eða að öðru leyti gróft afbrot, eða tilraun til slíks brots, s.s. manndráp, ofbeldis- eða kynferðisbrot, frelsissviptingarbrott, meiri háttar fíkniefnabrot, brennu eða önnur almannahættubrot, rán eða annað afbrot sem þykir sérlega alvarlegt eða gróft.

20. gr.

Gæsluvarðhaldsfangar.

Rannsóknaraðili skal, ef því verður við komið, tilkynna starfsmönnum viðkomandi fangelsis í tæka tíð um væntanlegan gæsluvarðhaldsfanga.

Þegar gæsluvarðhaldsfangi kemur í gæsluvarðhald skal afhenda starfsmanni fangelsis staðfest endurrit af gæsluvarðhaldsúrskurði eða yfirlýsingu dómara um úrskurðinn. Jafnframt skal afhenda vistunarseðil, sem sá sem rannsókn stýrir gefur út, þar sem fram kemur nafn, kennitala og heimilisfang fanga, hvar og hvenær úrskurður var kveðinn upp og tímalengd hans, hver stýrir rannsókn og hver sé verjandi fanga og símanúmer verjandans. Á vistunarseðli skal enn fremur tilgreina fyrirkomulag gæsluvarðhalds.

21. gr.

Upphaf gæsluvarðhalds.

Þegar starfsmaður fangelsis hefur staðreynt að gæsluvarðhaldsfangi skuli settur í gæsluvarðhald, skal fanginn afhenda persónulega muni og líkamsleit gerð. Áður en gæsluvarðhaldsfangi er færður til klefa síns er heimilt að ákveða að hann fari í bað eða sturtu.

22. gr.

Fæði gæsluvarðhaldsfanga.

Gæsluvarðhaldsfanga skal séð fyrir fæði á venjubundnum matmálistímum. Forstöðumaður fangelsis getur takmarkað eða bannað að fangi fái sent fæði ef hætta þykir á að það raski góðri reglu eða öryggi í fangelsinu. Fangelsi greiðir ekki kostnað við fæði sem gæsluvarðhaldsfangi útvegar sér eða fær sérstaklega sent, nema það sé gert að ráði fangelsislæknis.

23. gr.

Skammtímaleyfi gæsluvarðhaldsfanga.

Nú er gæsluvarðhaldsfanga veitt skammtímaleyfi skv. IV. kafla laga um fullnustu refsinga og skal þá liggja fyrir skriflegt samþykki af hálfu þess sem rannsókn stýrir.

Þegar gæsluvarðhaldsfangi fær skammtímaleyfi skal hann ávallt vera í fylgd lögreglu-manna eða fangavarða.

24. gr.

Vinnsla persónuupplýsinga.

Forstjóri fangelsismálastofnunar og forstöðumenn fangelsa bera ábyrgð á öryggi við vinnslu persónuupplýsinga og að meðferð þeirra samrýmist reglum og stöðlum sem Persónuvernd setur um hvernig tryggja skuli öryggi upplýsinga. Jafnframt bera þeir ábyrgð á að varsla gagna sé með traustum hætti. Til að fullnægja þessu skal reglulega framkvæma öryggismat og gerðar kerfisbundnar öryggisráðstafanir.

Forstjóri fangelsismálastofnunar og forstöðumenn fangelsa skulu viðhafa og skipuleggja viðvarandi innra eftirlit með vinnslu persónuupplýsinga. Eftirlitið skal miða að því að tryggja áreiðanleika upplýsinga og koma í veg fyrir aðgang, breytingu eða miðlun upplýsinga án heimildar.

Vinnsla persónuupplýsinga skal takmörkuð við upplýsingar sem eru nauðsynlegar vegna fullnustustarfa og er óheimilt að nýta þær í öðrum tilgangi. Eftir því sem frekast er unnt skal vinnsla persónuupplýsinga bundin við sannreyndar upplýsingar. Upplýsingum skal eytt þegar þeirra er ekki lengur þörf.

25. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 80. gr. laga um fullnustu refsinga nr. 49/2005, öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi eftirtaldar reglugerðir:

1. Reglugerð um fullnustu refsídóma nr. 29 28. janúar 1993, með síðari breytingu.
2. Reglugerð um gæsluvarðhaldsvist nr. 179 4. maí 1992, með síðari breytingum.
3. Reglugerð um leyfi afplánunarfanga til dvalar utan fangelsis nr. 719 29. desember 1995, með síðari breytingum.
4. Reglugerð um vinnu, nám og dagpeninga til afplánunarfanga nr. 409 6. júlí 1998, með síðari breytingu.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 8. nóvember 2005.

Björn Bjarnason.

Ragna Árnadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 9. nóvember 2005

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Mosfellsbæ.

Breyting á deiliskipulagi frá Reykjalundarvegi að Húsadal vegna Ekru.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt tillögu að breytingu á deiliskipulagi frá Reykjalundarvegi að Húsadal vegna Ekru í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Heimilt verður að reisa hesthús á lóðinni með tímabundið stöðuleyfi.

Breyting á deiliskipulagi frá Reykjalundarvegi að Húsadal vegna Undralands.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt tillögu að breytingu á deiliskipulagi frá Reykjalundarvegi að Húsadal vegna Undralands, í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Heimilt er að hafa þrjár íbúðir í húsinu.

Breyting á deiliskipulagi frá Reykjalundarvegi að Húsadal, efri Reykjamelar - Ásar.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt tillögu að breytingu á deiliskipulagi frá Reykjalundarvegi að Húsadal, efri Reykjamelar – Ásar, í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Svæði sem ætlað var fyrir tvær lóðir er breytt og heimilt verður að skipta því í þrjár lóðir með einu íbúðarhúsi á hverri lóð.

Breyting á deiliskipulagi frá Reykjalundarvegi að Húsadal vegna Grundabæjar, Dælustöðvarvegur 8.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt tillögu að breytingu á deiliskipulagi frá Reykjalundarvegi að Húsadal vegna Grundabæjar, Dælustöðvarvegur nr. 8, í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Breytingin felst í því að heimilt verður að breyta byggingarreit og byggja bílskúr. Jafnframt var hámarksbyggingarmagn aukið.

Skipulags- og byggingarskilmálar og uppdættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þessa. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 27. október 2005.

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

B-deild – Útgáfud.: 10. nóvember 2005

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Mosfellsbæ.

Deiliskipulag íbúðarbyggðar í Grænumýri og breyting úr iðnaðarhverfi.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt tillögu að deiliskipulagi fyrir íbúðarbyggð í Grænumýri á svæði sem skipulagt hafði verið fyrir iðnaðarstarfsemi í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Heimilt verður að byggja 57 íbúðir í fjölbýli og raðhúsum.

Breyting á deiliskipulagi í Laugabólslandi fyrir Breiðufit í Mosfellsdal.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt tillögu að breytingu á deiliskipulagi í Laugabólslandi fyrir Breiðufit í Mosfellsdal í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Eftir breytingu verður heimilt að byggja við núverandi hús og reisa hesthús á lóðinni.

Deiliskipulag spildu úr landi Laxness í Mosfellsdal.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt tillögu að deiliskipulagi spildu úr landi Laxness í Mosfellsdal í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Í skipulaginu felst heimild til byggingar á íbúðarhúsi fyrir starfsmenn, bílskúr, smiðju og viðbyggingu við gestamóttöku.

Skipulags- og byggingarskilmálar og uppdráttir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þessa. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 27. október 2005.

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

B-deild – Útgáfud.: 10. nóvember 2005

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Heiðarbyggðar, frístundabyggðar í landi Geldingsár, Svalbarðsstrandarhreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps þann 9. ágúst 2005 samþykkt breytingu á deiliskipulagi Heiðarbyggðar, frístundabyggðar í landi Geldingsár.

Breyting deiliskipulagsins felst í stækkun á núverandi frístundabyggð í landi Geldingsár til suðurs að landamerkjum Meyjarhóls. Gert er ráð fyrir 16 frístundahúsalóðum til viðbótar þeim 24 lóðum sem fyrir eru eða í allt 40 lóðum. Heildarstærð skipulagssvæðisins er um 28 ha, en viðbótin um 6,8 ha.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. Svalbarðsstrandarhrepps, 28. október 2005.

Árni K. Bjarnason sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 10. nóvember 2005

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 638/2001, með síðari breytingum.

1. gr.

Við samþykktina bætist viðauki 1.5 um fullnaðarafgreiðslur framtalsnefndar án staðfestingar borgarráðs svohljóðandi:

a. (1. gr.)

Framtalsnefnd afgreiðir, án staðfestingar borgarráðs, umsóknir um lækkun álagðs útsvars einstaklinga samkvæmt heimild í 2. mgr. 44. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, sbr. einnig 1. mgr. 25. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, og 1. mgr. 65. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum.

Við afgreiðslu mála skv. 1. mgr. fer framtalsnefnd að reglum sem borgarráð setur um afgreiðslu umsókna einstaklinga um lækkun álagðs útsvars á grundvelli 25. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995.

Framtalsnefnd getur vísað afgreiðslu mála skv. 1. mgr. til borgarráðs og er skylt að vísa þeim til borgarráðs sé þess óskað af þriðjungi fulltrúa í nefndinni hið fæsta.

b. (2. gr.)

Framangreindar afgreiðslur framtalsnefndar skv. 1. mgr. 1. gr. skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi borgarráðs.

c. (3. gr.)

Óski aðili frekari rökstuðnings við afgreiðslu framtalsnefndar eða kemur á framfæri kvörtun skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, meðal annars um heimild til að óska eftir endurupptöku máls í borgarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnsýslulaga. Telji borgarráð að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal framtalsnefnd taka málið upp að nýju.

Félagsmálaráðuneytinu, 25. október 2005.

F. h. r.

Sesselja Árnadóttir.

Þorgerður Benediktsdóttir.

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 881/2003 um niðurfellingu eða endurgreiðslu tolla fyrir matvælaíðnað.

1. gr.

B-liður 2. tl. 2. gr. orðist svo: Hafa tilskilin starfs- og rekstrarleyfi eftir því sem við á, iðnaðarleyfi eða viðeigandi meistarabréf samkvæmt iðnaðarlögum, nr. 42/1978 og starfsleyfi samkvæmt reglugerð um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla, nr. 522/1994.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimildum í 9. tl. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 6. gr. tollalaga, nr. 55/1987 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 28. október 2005.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 10. nóvember 2005

AUGLÝSING

um deiliskipulag Dyrhólaeyjar, Mýrdalshreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Mýrdalshrepps þann 23. júní 2005 samþykkt deiliskipulag Dyrhólaeyjar í Mýrdalshreppi.

Deiliskipulagið tekur til friðlandsins Dyrhólaeyjar utan Mávadrangs og Lundadrangs.

Greinargerð og uppdættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Vík, 30. október 2005.

F.h. sveitarstjórnar,

Sveinn Pálsson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 10. nóvember 2005

AUGLÝSING

um deiliskipulag fyrir Tunguás úr landi Hallgeirsstaða, Jökulsárhlíð, Fljótsdalshéraði.

Bæjarráð Fljótsdalshéraðs samþykkti þann 29. júní 2005, deiliskipulag fyrir Tunguás úr landi Hallgeirsstaða, Jökulsárhlíð, Fljótsdalshéraði, svæði fyrir frístundabyggð, ferðaþjónustu og útivist. Deiliskipulagssvæðið nær yfir 77,6 ha úr landi Hallgeirsstaða. Skipulagðar eru 14 frístundahúsalóðir og 1 lóð vegna hótels. Ofangreint deiliskipulag hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Fljótsdalshéraði, 28. október 2005.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Fljótsdalshéraðs,

Jens P. Jensson.

B-deild – Útgáfud.: 10. nóvember 2005

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Mosfellsbæ.

Deiliskipulag fjögurra frístundalóða við Hafravatn, þjskrnr. 9700-3260, 9700-3250 og 9700-3130.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt deiliskipulag fjögurra frístundalóða við Hafravatn, þjskrnr. 9700-3260, 9700-3250 og 9700-3130 í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Í deiliskipulaginu felst að á fjórum þegar afmörkuðum lóðum er settur rammi um nýbyggingar og frágang.

Breyting á deiliskipulagi miðbæjar Mosfellsbæjar, svæði 5 og 6, vegna byggingar öryggisíbúða og hjúkrunarheimilis við Hlaðhamra.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Mosfellsbæjar, svæði 5 og 6, vegna byggingar öryggisíbúða og hjúkrunarheimilis við Hlaðhamra í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Breytingin felst í því að heimilað er að byggja þriggja til fjögurra hæða hús austan við þjónustumiðstöðina Hlaðhamra með einnar hæðar tengibyggingu. Í nýbyggingunni verða alls 40 íbúðir. Á svæðinu næst Langatanga er heimilt að reisa 3 hæða byggingu fyrir hjúkrunarheimilli og þjónustumiðstöð fyrir aldraða. Einnig er aðkomu að leikskólanum Hlíð og þjónustumiðstöðinni Hlaðhömrum breytt svo og bílastæðum fyrir leikskólann Hlaðhamra. Megingöngustígur frá Langatanga að miðbæ er færður að Skeiðholti.

Deiliskipulag Krikahverfis og breyting á miðsvæði.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt deiliskipulag Krikahverfis og breytingu á miðsvæði í samræmi við 25. gr. og 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Um er ræða nýtt íbúðarsvæði með 199 íbúðum í einbýlis-, par-, rað- og fjölbýlishúsum auk breytingu á miðsvæði sunnan Reykjavegar.

Skipulags- og byggingarskilmálar og uppdættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þess. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 28. október 2005.

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

B-deild – Útgáfud.: 10. nóvember 2005

AUGLÝSING

(I) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.

1. gr.

Með vísan til 3. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 722, 4. ágúst 2005, um úthlutun byggðakvóta fiskveiðiárið 2005/2006, staðfestir ráðuneytið eftirfarandi úthlutunarreglur þessara sveitarfélaga:

1. Akureyrarbær.

1. Afla sem úthlutað er á grundvelli úthlutunar byggðakvóta Akureyrarkaupstaðar er skylt að vinna í Hrísey. Það telst vinna þegar afli er fullunninn í fiskvinnslum í Hrísey.
2. Umsókn um byggðakvóta skal skilað á skrifstofur Akureyrarkaupstaðar fyrir 1. desember 2005. Einnig má skila umsókn á netfangið dagny@akureyri.is.
3. Með umsókn um byggðakvóta skal fylgja staðfesting fiskverkunar í Hrísey um að afli verði unninn þar. Gerð skal grein fyrir á hvaða tímabili umsækjandi hyggst veiða/landa úthlutuðum byggðakvóta. Jafnframt skulu tilgreindar upplýsingar um hve mikið af aflaheimildum umsækjandi hyggst leggja á móti byggðakvóta. Öllum afla samkvæmt þessari grein skal landað fyrir lok fiskveiðiárs.
4. Rétt til úthlutunar byggðakvóta hafa skip sem skráð hafa verið með heimahöfn í Hrísey árið 2005 eða skip sem lönduðu afla sínum þar á því ári. Miðað er við skráningu Fiskistofu þann 24. október 2005.
5. Bátum sem úthlutað er byggðakvóta er skylt að leggja til aflaheimildir að lágmarki til jafns við úthlutaðan byggðakvóta sem einnig verði unninn í fiskvinnslu í Hrísey og skoðast móttekin umsókn sem staðfesting viðkomandi á því að það verði gert.
6. Fullnægi fleiri en eitt skip þessum skilyrðum skal byggðakvótanum skipt að 1/3 jafnt á öll skip sem uppfylla skilyrði 4. tl. og 2/3 í hlutfalli við þær aflaheimildir sem umsækjandi/skip leggur til í umsókninni.
7. Við verðlagningu afla til fiskvinnslu í Hrísey skal að lágmarki greiða viðmiðunarverð Verðlagsstofu skiptaverðs fyrir þorsk, ýsu og karfa, en fyrir aðrar tegundir sambærilegt verð og algengast er á viðkomandi landsvæði að teknu tilliti til stærðar og gæða.
8. Aflaheimild er ekki framseljanleg og skulu hlutaðeigendur afsala sér henni fyrir 15. júní 2006 geti þeir ekki farið að þeim reglum sem um ráðstöfunina gilda. Heimilt er að skipta út tegundum en úthlutaður byggðakvóti skal alltaf vera sá sami í þorskígildum.
9. Þann 10. ágúst 2006 skulu útgerðir þeirra skipa sem úthlutað fá byggðakvóta samkvæmt þessum reglum skila inn skýrslu til Akureyrarbæjar um nýtingu hans. Verði skýrslu ekki skilað eða ákvæðum þessara reglna um löndun afla ekki fylgt geta viðkomandi bátar átt á hættu að fá ekki úthlutaðan byggðakvóta komi til slíkrar úthlutunar síðar.

2. Árneshreppur.

Úthlutun verður skipt jafnt milli báta í krókaafلامarkskerfinu enda eigi eigendur þeirra lögheimili í Árneshreppi og hafa landað öllum afla sínum í Norðurfjarðarhöfn í Árneshreppi á síðasta fiskveiðiári.

3. Blönduósbær.

Blönduósbær skiptir þeim 140 þorskígildislestum sem komið hafa í hlut sveitarfélagsins samkvæmt eftirfarandi reglum:

1. Blönduósbær mun auglýsa eftir aðilum til að veiða og verður kvótanum úthlutað til jafns milli þeirra báta sem sækja um og uppfylla eftirfarandi skilyrði:
 - a) Úthluta skal aflaheimildum til báta sem skráðir voru í sveitarfélaginu eigi síðar en 1. ágúst 2005, stunduðu veiðar og lönduðu afla í sinni heimahöfn, Blönduósi, á fiskveiðiárinu 2004/2005.
 - b) Stefnt skal að því að öll vinnsla aflans fari fram í sveitarfélaginu. Gera skal samning við fiskvinnslustöð á Blönduósi um vinnslu aflans. Skal samningi þeim fylgja greinargerð um tilhögun veiða og vinnslu aflans þegar sótt er um úthlutun.
 - c) Ef sýnt þykir að hluti vinnslu aflans geti ekki farið fram í sveitarfélaginu skal fylgja greinargerð um tilhögun veiða og vinnslu aflans þegar sótt er um úthlutun.
 - d) Úthlutun er bundin því að greinargerðum verði skilað inn á eftirfarandi tíma:
 - Með umsókn um úthlutun skal fylgja greinargerð um tilhögun veiða og vinnslu aflans fiskveiðiárið 2005/2006.
 - Hinn 1. maí 2006 skal skila greinargerð um framvindu veiða og vinnslu.
 - Eigi síðar en 1. september skal skila greinargerð um veiðar og vinnslu yfirstandandi fiskveiðiárs.
2. Aflaheimild er ekki framseljanleg milli báta og þurfa hlutaðeigendur að afsala sér aflaheimildum geti þeir ekki farið að þeim reglum sem um ráðstöfun þeirra gilda. Heimilt er að skipta á jöfnu á markaðsvirði á öðrum tegundum en þorski, án þess að það teljist framsal á úthlutaðum aflaheimildum.

4. Borgarfjarðarhreppur.

1. Hreppsnefndin auglýsir eftir umsóknum um byggðakvótann.
2. Kvótanum verður skipt jafnt milli þeirra báta sem skráðir eru og gerðir út frá Borgarfirði þegar úthlutun fer fram og sótt hefur verið um byggðakvóta fyrir.
3. Þeir sem fá úthlutað byggðakvóta skuldbindi sig til að leggja hann upp til vinnslu á Borgarfirði. Þá skuldbindi þeir sig enn fremur til að selja ekki eða leigja frá sér aflaheimildir á fiskveiðiárinu umfram það sem þeir kaupa eða leigja til sín.
4. Telji einhver, sem fengið hefur til sín byggðakvóta, sér nauðsynlegt að láta frá sér meiri aflaheimildir en hann fær til sín sbr. 3. tl., þá skal viðkomandi gera hreppsnefndinni grein fyrir því fyrir lok maímánaðar og afsala sér jafnframt byggðakvótanum, sem þá verður skipt milli annarra báta á Borgarfirði sem úthlutun hafa fengið.

5. Breiðdalshreppur.

1. Til þess að bátur fái úthlutun skal hann hafa verið með heimili skráð í Breiðdalshreppi 1. september 2005, þó með þeirri undantekningu að ef um breytingu á skipakosti hefur verið að ræða frá 1. september til úthlutunardags, þá skal tekið tillit til þess.
2. Bátur sem fær úthlutaðan byggðakvóta, skal að lágmarki tvöfalda það aflamagn sem hann fær úthlutað (mótframlag), til vinnslu í Breiðdalshreppi.
3. Öllum afla sem úthlutað er sem byggðakvóta, ásamt mótframlagi, skal landað til vinnslu á Breiðdalsvík.
4. Gerðir skulu skriflegir samningar milli Breiðdalshrepps og viðkomandi báts/fyrirtækis sem gilda til eins árs í senn.
5. Sækja skal skriflega um byggðakvóta til Breiðdalshrepps með rökstuðningi um hvernig viðkomandi hyggst tvöfalda að minnsta kosti það magn sem sótt er um.

6. Afsali aðili sem fengið hefur úthlutað byggðakvóta sér honum eða missir rétt til hans þar sem hann uppfyllir ekki þau skilyrði sem sett eru í reglum þessum mun þeim kvóta verða úthlutað að nýju af sveitarstjórn samkvæmt þessum reglum.
7. Þegar um fleiri en eitt bát/skip er að ræða, við úthlutun kvótans, verður honum úthlutað í hlutfalli við úthlutað aflamark þeirra fiskveiðiárið 2005/2006.

6. Djúpivogur.

1. Úthlutuðum veiðiheimildum verði eingöngu skipt milli þeirra skipa sem skráð voru með heimahöfn á Djúpavogi í upphafi fiskveiðiárs 2005/2006, enda séu útgerðarmenn með lögheimili í sveitarfélaginu. Hafi eigendur eldri skipa endurnýjað þau, áður en umsóknarfræstur rennur út, gildir sama regla.
2. Miðað skal við að hámarksstærð fiskiskipa, sem úthlutun fá, sé takmörkuð við 15 brl.
3. Skip sem út eru gerð frá Djúpavogi, þegar gengið er frá reglunum, og koma því til greina sbr. þó ákvæði 1. – 2. tl.
4. Einungis verði úthlutað til útgerða þeirra skipa sem leggja fram, eigi síðar en 15. nóvember 2005, skriflegt samkomulag við vinnslustöð/vinnslustöðvar á Djúpavogi um úrvinnslu aflans samkvæmt úthlutuðum heimildum og jafnframt að viðkomandi útgerð muni leggja upp áttfaldan byggðakvóta (þó að hámarki úthlutuðum kvóta í upphafi fiskveiðiárs, og eftir atvikum að teknu tilliti til bóta og geymslukvóta milli ára, sbr. 5. tl.) að meðtöldum úthlutuðum byggðakvóta til sömu vinnslustöva(r). Þá skuldbindi útgerðir sig í umsókn til að selja ekki eða leigja frá sér úthlutaðan kvóta á fiskveiðiarinu umfram það sem þær kaupa eða leigja til sín til hagræðingar þ.e. skipta sambærilegu magni miðað við þorskígildi fyrir aðra(r) tegund(ir), sem henta(r) betur útgerð að viðkomandi skips. Á grundvelli samnings við fiskvinnslu sækir útgerð um byggðakvóta til sveitarstjórnar eigi síðar en 15. desember 2005. Sé mismunur á afla umfram áttfaldan kvóta og úthlutaðs grunnkvóta (í þorskígildum) að viðbættum byggðakvóta komið til vinnslu í öðru byggðarlagi, þarf viðkomandi útgerð að geta sýnt fram á að vinnslustöðvum á Djúpavogi hafi fyrst verið gefinn kostur á að kaupa umræddan afla.
5. Þegar fyrir liggur hvaða skip sem sótt hefur verið um byggðakvóta fyrir, uppfylla ákvæði 1.-4. tl. úthlutar sveitarstjórn eigi síðar en 28. desember 2005 heildarmagn byggðakvóta á fiskveiðiarinu til þeirra báta, sem undir reglurnar falla í sama hlutfalli miðað við þorskígildi og sömu bátar fengu úthlutað aflamarki í upphafi fiskveiðiárs 2005/2006. Einungis verður tekinn inn í hlutfallsreikninginn sá hluti hugsanlegs kvóta, sem fluttur er milli ára, eða kemur sem bætur frá sjávarútvegsráðuneyti vegna fyrri ára – og eingöngu að hámarki mismunur á áttföldum kvóta og kvótastöðu í þorskígildum 15. nóvember 2005, hafi viðkomandi skip við setningu reglnanna landað þann dag meiri afla til vinnslu utan byggðarlagsins en sem nemur mismun á áttföldum afla og úthlutuðum afla kvótaárið 2005/2006.
6. Telji útgerð sér vera nauðsyn á að leigja frá sér eða selja kvóta umfram leigðan kvóta eða keyptan skal hún gera sveitarstjórn grein fyrir því og skila byggðakvótanum aftur til sveitarfélagsins fyrir lok júní 2005. Verður honum þá með sama hætti skipt milli annarra báta sem úthlutun hafa fengið skv. skiptireglu í 5. tl. og ekki hafa fyrirgert rétti sínum á kvótanum samkvæmt reglum þessum. Endurnýi útgerð skip eftir að úthlutun fer fram, getur byggðakvóti hennar flust yfir á hið nýja skip, enda hafi erindi þar að lútandi verið lagt fyrir sveitarstjórn og útgerðin uppfylli að öðru leyti framangreindar reglur.
7. Standi útgerð eða útgerðarmenn ekki við samkomulag við vinnslustöð(var) og/eða reglur sveitarstjórnar vegna úthlutunar byggðakvóta ársins koma hlutaðeigandi ekki til greina, þegar úthlutað verður næst.

7. Garður.

Eftirfarandi reglur gilda við úthlutun byggðakvóta Garðs:

1. Bátur sé skráður í Garði 1. september 2005.
2. Útgerð bátsins hafi lögheimili í Garði.
3. Útgerð leggi fram 1 kíló áður en úthlutun byggðakvóta fer fram fyrir hvert kíló sem þeim er úthlutað af byggðakvóta Garðsins.
4. Útgerð leggi fram skriflegt samkomulag við fiskvinnslur í Garði um vinnslu þeirra aflaheimilda sem þeim verður úthlutað samkvæmt þessum reglum og afla skv. 3. tl.
5. Byggðakvóta skal skipt milli fiskiskipa í hlutfalli við landaðan afla á síðasta fiskveiðiári, þó að hámarki 15 tonn á hvern bát.
6. Útgerðir skulu í einu og öllu fara að þeim skilyrðum sem hér koma fram, þar á meðal skulu forráðamenn þeirra skrifa undir samkomulag við Garð um að þær afsali sér aflaheimildum fari þær ekki eftir þeim reglum sem um úthlutun byggðakvótans gilda. Þá fyrirgera útgerðir sem ekki fara að skilyrðum reglnanna rétti sínum til hugsanlegrar úthlutunar á næsta ári, að óbreyttum reglum.

8. Grundarfjarðarbær.

1. Fjórðungi byggðakvótans (35 þorskígildistonn) verði úthlutað þannig:
- 4) Framkvæmdastjórnin fór þess vegna fram á það við vísindanefndina um föður (SCAN) að hún léti vinna nýtt áhættumat að því er varðar nifúrsól sem einnig tilheyrir flokki nitrófúrana.
- 5) Hinn 11. október 2001 samþykkti vísindanefndin um föður álit varðandi nifúrsól en þar kemst hún að þeirri niðurstöðu að á grundvelli niðurstaðna úr rannsóknum á stökkbreytandi áhrifum, erfðaeiturhrifum og krabbameinsvaldandi áhrifum, sem einstaklingurinn, sem ber ábyrgð á því að hafa sett nifúrsól í dreifingu, setti fram, og vegna skorts á gögnum um skaðleg áhrif á þroskun hafi ekki verið mögulegt að ákvarða viðtekinn dagskammt fyrir neytendur. Vísindanefndin um föður staðfesti þetta álit 18. apríl 2002 eftir að hafa kannað gögn því til stuðnings.
- 6) Þar af leiðandi er ekki hægt að tryggja að heilbrigði manna sé ekki hætta búin af nifúrsól.
- 7) Samkvæmt b-lið 3. gr. a í tilskipun 70/524/EBE skal því aðeins leyfa notkun aukefnis ef það, með tilliti til notkunaraskilyrða, hefur hvorki skaðleg áhrif á heilbrigði manna eða dýra eða umhverfið né skaðar neytendur sökum þess að eiginleikar dýraafurðanna breytist.
- 8) Þar af leiðandi og vegna þess að skilyrði, sem er sett í 3. gr. a í þeirri tilskipun, er ekki lengur uppfyllt að því er varðar hníslalyfið nifúrsól, skal notkun efnisins sem aukefni í föðri ekki lengur leyfð. Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 2430/1999 og færslunni um hníslalyfið í II. kafla viðauka B við tilskipun 70/524/EBE til samræmis við það.

⁽¹⁾ Stjótið. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2205/2001 (Stjótið. EB L 297, 15.11.2001, bls. 3).

⁽²⁾ Fertugasta og fyrsta tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 82/822/EBE frá 19. nóvember 1982 um breytingu á viðaukum við tilskipun ráðsins 70/524/EBE um aukefni í föðri (Stjótið. EB L 347, 7.12.1982, bls. 16).

⁽³⁾ Stjótið. EB L 296, 17.11.1999, bls. 3.

⁽⁴⁾ Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 frá 26. júní 1990 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýrakinu (Stjótið. EB L 224, 18.8.1990, bls. 1). Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1530/2002 (Stjótið. EB L 230, 28.8.2002, bls. 3).

9) Þar eð fastanefndin um matvælaferli og heilbrigði dýra hefur ekki sent frá sér jákvætt álit hefur framkvæmdastjórnin ekki getað samþykkt þau ákvæði sem hún áformaði að setja samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 23. gr. tilskipunar 70/524/EBE.

2. Eyða skal færslunni um nifúrsól, sem er efni sem tilheyrir flokknum hníslalyf og önnur lyf, í II. kafla viðauka B við tilskipun 70/524/EBE.

2. gr.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

1. Eyða skal færslunni um E 769, nifúrsól, í I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2430/1999.

Hún gildir frá 31. mars 2003.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. september 2002.

Fyrir hönd ráðsins,

M. FISCHER BOEL

forseti.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 316/2003

frá 19. febrúar 2003

um varanlegt leyfi fyrir aukefni í fódri og bráðabirgðaleyfi fyrir nýrri notkun aukefnis sem þegar er leyft að nota í fóður

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fódri ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/7/EB ⁽²⁾, einkum 3. gr., 9. gr. d og 9. gr. e,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 1. mgr. 9. gr. d í tilskipun 70/524/EBE er kveðið á um að heimilt sé að leyfa aukefni, sem tilgreind eru II. hluta viðauka C við þá tilskipun, án tímamarka ef skilyrðin, sem mælt er fyrir um a-lið 3. gr., eru uppfyllt.
- 2) Framleiðslufyrirtækið lagði fram ný gögn sem rökstuðning með umsókn um leyfi án tímamarka fyrir örveruefnablöndunni sem fjallað er um í þessari reglugerð.
- 3) Mat á leyfisumsókn, sem lögð var fram að því er varðar þessa örveruefnablöndu, sýnir að öll skilyrði fyrir leyfi eins og kveðið er á um í tilskipun 70/524/EBE hafa verið uppfyllt.
- 4) Því er heimilt að leyfa þessa örveruefnablöndu án tímamarka.
- 5) Í tilskipun 70/524/EBE er kveðið á um að nauðsynlegt sé að fá leyfi Bandalagsins fyrir nýrri notkun aukefnis sem hefur þegar verið leyft.
- 6) Í tilskipun 70/524/EBE er kveðið á um að heimilt sé að veita bráðabirgðaleyfi fyrir nýju aukefni til nota í fóður eða fyrir nýrri notkun aukefnis, sem hefur þegar verið leyft, ef skilyrðin, sem mælt er fyrir um í þeirri tilskipun, eru uppfyllt og telja má með réttu, með hliðsjón af fyrirliggjandi niðurstöðum, að efnið hafi einhver þau áhrif sem um getur í a-lið 2. gr. þeirrar tilskipunar þegar það er notað í fóður. Heimilt er að veita slíkt bráðabirgðaleyfi til allt að fjögurra ára ef um er að ræða aukefni sem tilgreind eru í II. hluta viðauka C við þá tilskipun.

- 7) Framleiðslufyrirtækið lagði fram ný gögn sem rökstuðning með umsókn um að framlengja leyfi fyrir ensimefnablöndu sem fjallað er um í þessari reglugerð.
- 8) Mat á leyfisumsókn sem lögð var fram að því er varðar nýja notkun þessarar ensimefnablöndu sýnir að skilyrði fyrir bráðabirgðaleyfi, sem kveðið er á um í tilskipun 70/524/EBE, hafa verið uppfyllt.
- 9) Því er heimilt að leyfa þessa ensimefnablöndu til bráðabirgða í fjögur ár.
- 10) Athugun á umsókninni sýnir að ákveðnar aðgerðir séu nauðsynlegar til að vernda starfsmenn gegn vahrifum af völdum efnanna sem eru tilgreind í viðaukunum. Slík vernd ætti að vera tryggð með beitingu tilskipunar ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum ⁽³⁾.
- 11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Heimilt er að leyfa efnablönduna, sem tilheyrir flokknum „örverur“ og tilgreind er í I. viðauka, sem aukefni í fódri samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Heimilt er að leyfa til bráðabirgða efnablönduna, sem tilheyrir flokknum „ensim“ og tilgreind er í I. viðauka, sem aukefni í fódri samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1.⁽²⁾ Stjtið. EB L 22, 25.1.2003, bls. 28.⁽³⁾ Stjtið. EB L 183, 29.6.1989, bls. 1.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá 1. mars 2003.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. febrúar 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

—

I. VIÐAUKI

Nr. (eða EB- nr.)	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-	Hámarks-	Ómur ákvæði	Leyfi rennur út
					innihald CFU/kg	innihald heilfóðurs		
E 1702	<i>Saccharomyces cerevisiae</i> NCYC Sc 47	Efnablenda <i>Saccharomyces cerevisiae</i> sem inniheldur að lágmarki: 5×10^9 CFU/g aukefnis	Eldisautgripir	—	4×10^9	8×10^9	Í nokunartíðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun. Í nokunartíðbeiningum komi fram: „magn <i>Saccharomyces cerevisiae</i> í dagskammi skal ekki fara yfir $2,5 \times 10^9$ CFU fyrir hver 100 kg af líkamsþyngd og $0,5 \times 10^{10}$ CFU fyrir hver 100 kg líkamsþyngdar umfram.“	Án tímamarka

„Óverur“

II. VIÐAUKI

Nr. (eða EB-nr.)	Aukefni	Efnafornúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Hámarks-innihald		Önnur ákveði	Leyfi rennur út
					Lágmarks-innihald CFU/kg heilfóðurs	Hámarks-innihald heilfóðurs		
Ensim								
24	Endó-1,4-beta-xýlanasi EC 3.2.1.8 Endó-1,3(4)-beta-glúkánasi EC 3.2.1.6	Efnablanda endó-1,4-beta-xýlanasa og endó-1,3(4)-beta-glúkánasa, framleiddir með <i>Aspergillus niger</i> (NCIM 1-1517), með virkni að lágmarki: 28 000 QXU (°) /g 140 000 QGU (°) /g	Eldiskalkúnar	—	280 QXU 1 400 QGU	840 QXU 4 200 QGU	1. Í notunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun. 2. Ráðlagður skammtur á hvert kílógramm heilfóðurs: 560 QXU 2 800 QGU. 3. Til nota í fôðurblöndur, auðugar af fjölskrum öðrum en sterkju (einkum arabinoxýlönunum og beta-glúkónunum), t.d. þær sem innihalda yfir 20 % hvetti og/eða bygg.	28.2.2007

(°) 1 QXU er magn þess ensims sem leysir 1 mikrómol af oxandi sykra (xýlösafringilda) á mínútu úr xýlani úr höfnum við pH 5,1 og 50 °C.

(°) 1 QGU er magn þess ensims sem leysir 1 mikrómol af oxandi sykra (glúkósajafingilda) á mínútu úr beta-glúkani úr bygg við pH 4,8 og 50 °C.⁶⁶

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 261/2003

frá 12. febrúar 2003

um bráðabirgðaleyfi fyrir nýrri notkun aukefna í fódri

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fódri ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1756/2002 ⁽²⁾, einkum 3. gr. og 9. gr. e,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 70/524/EBE er kveðið á um að nauðsynlegt sé að hafa leyfi Bandalagsins í samræmi við 4. gr. tilskipunarinnar fyrir nýrri notkun aukefnis sem hefur þegar verið leyft.
- 2) Í tilskipun 70/524/EBE er kveðið á um að heimilt sé að veita bráðabirgðaleyfi fyrir nýju aukefni til nota í fóður eða nýrri notkun aukefnis, sem hefur þegar verið leyft, ef skilyrði sem mælt er fyrir um í þeirri tilskipun eru uppfyllt og telja má með réttu, með hliðsjón af fyrirliggjandi niðurstöðum, að efnið hafi einhver þau áhrif, sem um getur í a-lið 2. gr. þeirrar tilskipunar, þegar það er notað í fóður. Heimilt er að veita slíkt bráðabirgðaleyfi í allt að fjögur ár ef um er að ræða aukefni sem tilgreind eru í II. hluta viðauka C við þá tilskipun.
- 3) Framleiðslufyrirtækin lögðu fram ný gögn sem rökstuðning með umsókn um að rýmka leyfi fyrir tveimur ensimefnablöndum, sem fjallað er um í I. og II. viðauka við þessa reglugerð og skráðar eru í 50. og 51. lið í viðaukunum við tilskipun 70/524/EBE, þannig að þau nái yfir nýja flokka dýra.
- 4) Mat á umsóknum um leyfi, sem lagðar voru fram að því er varðar nýja notkun ensimefnablandna, sem fjallað er um í I. og II. viðauka, sýnir að skilyrðin,

sem um getur í 1. mgr. 9. gr. e í tilskipun 70/524/EBE, hafa verið uppfyllt og þar af leiðandi skal leyfa þessa rýmkun, að því er varðar notkun, til bráðabirgða í fjögur ár.

- 5) Matið á umsóknum sýnir einnig að ákveðnar aðgerðir geti verið nauðsynlegar til að vernda starfsmenn gegn váhrifum af völdum efnanna sem eru tilgreind í I. og II. viðauka. Slík vernd ætti hins vegar að vera tryggð með beitingu tilskipunar ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum ⁽³⁾.
- 6) Vísindanefndin um fóður hefur sent frá sér jákvætt álit um öryggi þessara blandna með þeim skilyrðum sem fjallað er um í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Heimilt er að leyfa efnablöndur, sem tilheyra flokknum „ensím“ og tilgreindar eru í I. og II. viðauka, sem aukefni í fódri samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þeim viðaukum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. febrúar 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1.⁽²⁾ Stjtið. EB L 265, 3.10.2002, bls. 1.⁽³⁾ Stjtið. EB L 183, 29.6.1989, bls. 1.

I. VIÐAUKI

Nr.	Aukefni	Efniformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-	Hámarks-	Ömur ákvæði	Leyfi rennur út
					innihald	innihald		
50	6-fýtasi EC 3.1.3.26	Efnafráandi 6-fýtasi, framleiddur með <i>Aspergillus oryzae</i> (DSM 11857), með virkni að lágmarki: Hjúpað form: 2 500 FYT/g ⁽¹⁾ Vökvaform: 5 000 FYT/g	Gyltur	—	750 FYT	—	1. Í notunarlöbceiningum með aukefnum og forblöndunni skal tilgreina geymsluteita, geymslupól og þol við kögg-lun. 2. Ráðlagður skammtur á kílógramm heilföðurs: 750-1 000 FYT 3. Tíi nota í foburblöndur sem innihalda yfir 0,25% fytimbundinn fosfór	1.2.2007

(¹) 1 FYT er magn þess ensíms sem leysir 1 mikrómol öllfræns fosfats á mínútu úr natríumfýtati við pH 5,5 og 37 °C.

II. VÍÐAUKI

Nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-	Hámarks-	Ónmur ákvæði	Leyfi rennur út
					innihald	innihald		
					Virkniefningar á hvert kílógramm heilföðurs			
51	Endó-1,4-beta-xýlanasi EC 3.2.1.8	Efnablanda endó-1,4-beta-xýlanasa, EC 3.2.1.8 framleiðdur með <i>Bacillus subtilis</i> (LMG S-15136), með virkni að lágmarki: Endó-1,4-beta-xýlanasi: 100 IU/g (1)	Eldissvín		10 IU		<ol style="list-style-type: none"> Í notunarléibeiðingum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við köggluu. Ráðlagður skammtur á hvert kílógramm heilföðurs: Endó-1,4-beta-xýlanasi: 10 IU/kg Til nota í fôðurböndur, aubúgar af arabinoxýlani, t.d. að lágmarki 40% af lveiti eða byggi. 	1.1.2007

(1) 1 IU er magn þess ensíms sem leysir 1 mikrómol afvaxandi sykra (xýlösjafringilda) á mínútu úr xýlani úr birkvíði við pH 4,5 og 30 °C.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 668/2003

frá 11. apríl 2003

um varanlegt leyfi fyrir aukefni í fódri

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fódri ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1756/2002 ⁽²⁾, einkum 3. gr. og 9. gr. d,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 70/524/EBE er kveðið á um að ekki megi setja aukefni í dreifingu nema leyfi Bandalagsins hafi verið veitt fyrir því.
- 2) Veita má varanlegt leyfi fyrir aukefni til notkunar í fódri, sem þegar hefur verið veitt leyfi fyrir, ef skilyrðin, sem mælt er fyrir um í 3. gr. a í tilskipuninni, eru uppfyllt.
- 3) Bráðabirgðaleyfi var fyrst veitt fyrir ensimefnablöndunni, sem fjallað er um í þessari reglugerð, með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1436/98 ⁽³⁾ í samræmi við tilskipun ráðsins 93/113/EB ⁽⁴⁾ í framhaldi af jákvæðu álitni vísindanefndarinnar um fóður (SCAN), einkum með tilliti til öryggis vörunnar. Bráðabirgðaleyfi þessa aukefnis var framlengt til 30. júní 2004 ⁽⁵⁾ í samræmi við reglugerð 70/524/EBE.
- 4) Framleiðslufyrirtækið lagði fram ný gögn sem rökstuðning með umsókn um leyfi án tímamarka fyrir ensimefnablöndunni sem tilgreind eru í þessari reglugerð.
- 5) Þann 4. desember 2002 lagði vísindanefndin um fóður fram jákvætt álit um áhrif ensimefnablöndunnar samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í viðaukanum.
- 6) Að teknu tilliti til álits vísindanefndarinnar um fóður sýnir mat á leyfisumsókn sem lögð var fram vegna ensimefnablöndunnar að skilyrðin, sem kveðið er á um í 3. gr. a í tilskipun 70/524/EBE, eru uppfyllt. Því skal veita leyfi fyrir efnablöndunni í ótakmarkaðan tíma.
- 7) Athugun á umsókninni sýnir að ákveðnar aðgerðir eru nauðsynlegar til að vernda starfsmenn gegn váhrifum af völdum efnanna sem eru tilgreind í viðaukanum. Slík vernd ætti þó að vera tryggð með beitingu tilskipunar ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum ⁽⁶⁾.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Heimilt er að leyfa til bráðabirgða efnablönduna, sem tilheyrir flokknum „ensím“ og tilgreind er í viðaukanum, sem aukefni í fódri samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í viðaukanum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. apríl 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjótið. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1.⁽²⁾ Stjótið. EB L 265, 3.10.2002, bls. 1.⁽³⁾ Stjótið. EB L 191, 7.7.1998, bls. 15.⁽⁴⁾ Stjótið. EB L 334, 31.12.1993, bls. 17.⁽⁵⁾ Síðasta framlenging í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2200/2001 (Stjótið. EB L 299, 15.11.2001, bls. 1).⁽⁶⁾ Stjótið. EB L 183, 29.6.1989, bls. 1.

VIBAUKI

Nr. (eða EB-nr.)	Aukefni	Efnafornúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Hámarksinnihald		Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald		
					Virktíningar/kg heilföðurs			
Ensim 1601	Endó-1,3(4)-beta-glúkánasi EC 3.2.1.6 Endó-1,4-beta-xýlanasi EC 3.2.1.8	Efnablanda endó-1,3(4)-beta-glúkánasi og endó-1,4-beta-xýlanasi, framleiddir með <i>Aspergillus niger</i> (NRRL 25541) með virkni að lágmarki: endó-1,3(4)-beta-glúkánasi: 1 100 U ()/g endó-1,4-beta-xýlanasi: 1 600 U ()/g	Eldskjútklingar	—	endó-1,3(4)-beta-glúkánasi: 138 U endó-1,4-beta-xýlanasi: 200 U	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með auk-efninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögguln. 2. Ráðlagður skammtur á hvert kílógramm heilföðurs: endó-1,3(4)-beta-glúkánasi: 138 U endó-1,4-beta-xýlanasi: 200 U 3. Til nota í fodburlöndur auðugar af fjölskykrum öðrum en sterkju (einkum arabinoxýlönnum og beta-glúkónum), t.d. blandað fôður úr korni (t.d. bygg, hveiti, rúgi og rúghveiti)	Án tímamarka

() 1 U er magn þess ensíms sem leysir 1 mikrómol af oxandi sykri (glúkósajafgilda) á mínútu úr þeim-glúkani úr höfrum við pH 4,0 og 30 °C.

() 1 U er magn þess ensíms sem leysir 1 mikrómol af oxandi sykri (xýlósajafgilda) á mínútu úr xýlani úr höfrum við pH 4,0 og 30 °C.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 676/2003

frá 14. apríl 2003

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1334/2001 um bráðabirgðaleyfi fyrir nýju aukefni í fódri

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fódri ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1756/2002 ⁽²⁾, einkum 3. gr. og 9. gr. r,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1334/2001 frá 2. júlí 2001 um bráðabirgðaleyfi fyrir nýju aukefni í fódri ⁽³⁾ var, með fyrirvara um skilyrði sem kveðið er á um í þeirri reglugerð, veitt bráðabirgðaleyfi fyrir því að nota aukefnið kalíumdíformat sem aukefni í fódri.
- 2) Í tilskipun 70/524/EBE er þess krafist að leyfi fyrir vaxtarhvata séu tengd þeim aðila sem ber ábyrgð á því að setja þá í dreifingu.
- 3) Framkvæmdastjórninni hefur verið tilkynnt að sá aðili, sem var ábyrgur fyrir því að setja aukefnið kalíumdíformat í dreifingu, sé hættur og aðilinn, sem er ábyrgur fyrir dreifingu nú, sé BASF Aktiengesellschaft.

- 4) Aðilinn, sem er ábyrgur fyrir því að setja þetta aukefni í dreifingu, hefur lagt fram ný gögn í því skyni að fá samþykki fyrir hærri hámarksstyrk aukefnisins í fódri.
- 5) Vísindanefndin um fóður hefur sent frá sér jákvætt álit að því er varðar öryggi aukefnisins við ný notkunarskilyrði.
- 6) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1334/2001 í samræmi við það.
- 7) Rádstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðaukans við reglugerð (EB) nr. 1334/2001 komi viðaukinn við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. apríl 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjórn. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1.⁽²⁾ Stjórn. EB L 265, 3.10.2002, bls. 1.⁽³⁾ Stjórn. EB L 180, 3.7.2001, bls. 18.

VIÐAUKI
VIÐAUKI

Skráningar- númer aukefnis	Nafn og skráningarnúmer þess sem ber ábyrgð á því að setja aukefni í dreifingu	Aukefni (viðskiptahætti)	Samsetning, efniformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks- innihald (mög. af virku innihaldsefni/kg. af heilfróðinu)	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
Vaxtarhvatar									
1	BASF Aktiengesellschaft α DE RP 1 31401	Kaliumdiformat (Formi TM LHS)	Samsetning aukefnis Kaliumdiformat, fast efni, lág. 98% Silíkat, há. 1,5%, Vatn, há. 0,5% Virkt efni: Kaliumdiformat, fast efni KH(COOH) ₂ CAS-nr. 20642- 05-1	Smágrísir (vandir undan) Eldissvin	2 mánaða	6 000	18 000		30.6.2005
					—	6 000	12 000		30.6.2005*

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 877/2003

frá 21. maí 2003

um að leyfa til bráðabirgða notkun sýrustillisins bensósýru í fœðri

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fœðri ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1756/2002 ⁽²⁾, einkum 3. gr. og 1. mgr. 9. gr. e,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 70/524/EBE er kveðið á um að ekki megi setja aukefni í dreifingu nema leyfi Bandalagsins hafi verið veitt fyrir því.
- 2) Þegar um er að ræða aukefni, sem um getur í II. hluta viðauka C við tilskipun 70/524/EBE, sem tekur til sýrustilla, má veita bráðabirgðaleyfi fyrir nýju aukefni til notkunar í fœðri, að uppfylltum skilyrðum, sem mælt er fyrir um í þeirri tilskipun, og ef ástæða er til að ætla, með hliðsjón af fyrirliggjandi niðurstöðum, að það hafi einhver þau áhrif sem um getur í a-lið 2. gr. þeirrar tilskipunar. Heimilt er að veita slíkt bráðabirgðaleyfi í allt að fjögur ár.
- 3) Mat á umsókn um leyfi fyrir notkun á sýrustillandi efnablöndunni „bensósýru“ leiðir í ljós að skilyrðin, sem um getur í tilskipun 70/524/EBE, eru uppfyllt.
- 4) Notkun sýrustillandi efnablöndunnar „bensósýru“ skal því leyfð til bráðabirgða í allt að fjögur ár.

- 5) Visindanefndin um fœður hefur, með vísan til tiltekinna skilyrða, sent frá sér jákvætt álit um öryggi efnablöndunnar, sem er í flokknum „sýrustillar“, fyrir eldissvín.
- 6) Matið á umsókninni sýnir að krafist er tiltekinna verk-lagsreglna til að vernda starfsmenn fyrir váhrifum af völdum aukefnisins „bensósýru“. Slík vernd er þó tryggð með beitingu tilskipunar ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnu-stöðum ⁽³⁾.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglu-gerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Heimilt er að nota aukefnið „bensósýra“ í flokknum „sýru-stillar“, sem um getur í viðaukanum, sem aukefni í fœðri samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir í viðaukanum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. maí 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjótd. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1.⁽²⁾ Stjótd. EB L 265, 3.10.2002, bls. 1.⁽³⁾ Stjótd. EB L 183, 29.6.1989, bls. 1.

VIÐAUKI

Nr. eða EB-nr.)	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald mg/kg heilföðurs	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
Sýrusíttlar								
E 210	Bensósýra	C ₇ H ₆ O ₂	Eldissvin		5 000	10 000		25.5.2007

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 277/2004**frá 17. febrúar 2004****um leyfi án tímamarka fyrir aukefni í fóðri****(Texti sem varðar EES)**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1756/2002 ⁽²⁾, einkum 3. gr. og 1. mgr. 9. gr. d,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 70/524/EBE er kveðið á um að ekki megi setja aukefni í dreifingu nema veitt hafi verið leyfi Bandalagsins fyrir því.
- 2) Í 3. gr. a í tilskipun 70/524 er mælt fyrir um kröfur varðandi leyfi Bandalagsins fyrir notkun aukefnis í fóðri.
- 3) Notkun ensímsins 3-fýtasa, sem er framleitt með *Aspergillus niger* (CBS 114.94), hefur þegar verið leyfð án tímamarka fyrir dýraflokkana smágrísi, eldisgrísi, gyltur, eldiskjúklinga og varphænur með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1353/2000 ⁽³⁾.
- 4) Þetta aukefni var leyft til bráðabirgða fyrir eldiskalkúna með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2316/98 ⁽⁴⁾.
- 5) Framleiðslufyrirtækið lagði í júní 2003 fram ný gögn sem rökstuðning með umsókn um leyfi án tímamarka fyrir þessu aukefni fyrir eldiskalkúna.
- 6) Mat á þessari umsókn um leyfi, að því er varðar notkun þessa aukefnis fyrir eldiskalkúna, leiðir í ljós að skilyrði fyrir leyfi án tímamarka, sem kveðið er á um í tilskipun 70/524/EBE, hafa verið uppfyllt.

7) Því skal leyfa notkun þessa aukefnis fyrir kalkúna án tímamarka.

8) Matið á umsókninni leiðir í ljós að tilteknar aðgerðir eru nauðsynlegar til að vernda starfsmenn gegn váhrifum af völdum aukefnanna sem eru tilgreind í viðaukanum. Slík vernd ætti að vera tryggð með beitingu tilskipunar ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum ⁽⁵⁾ eins og henni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 ⁽⁶⁾.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Heimilt er að leyfa efnablönduna, sem tilheyrir flokknum „ensim“ og tilgreind er í viðaukanum, til notkunar sem aukefni í fóðri samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. febrúar 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.⁽¹⁾ Stjtið. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1.⁽²⁾ Stjtið. EB L 265, 3.10.2002, bls. 1.⁽³⁾ Stjtið. EB L 155, 28.6.2000, bls. 15.⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 289, 28.10.1998, bls. 4.⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 183, 29.6.1989, bls. 1.⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1.

VIÐAUKI

Nr. (eða EB-nr.)	Aukefni	Efnafornúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald		Ómurr ákvæði	Leyfi rennur út
					Virktíningar á hvert kg heilfóðurs	Hámarksinnihald		
E 1600	3-fýtasi EC 3.1.3.8 [Natúfós FTU-8]	Efnablanda með 3-fýtasa, sem er framleiddur með <i>Aspergillus niger</i> (CBS 114.94), með virkni að lágmarki: Fast form: 5 000 FTU (°)g Vökvaform: 5 000 FTU/ml	Eldiskalkúnar	-----	250 FTU	-----	1. Í notunarleiðbeiningum með aukefninu og förböndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögguln. 2. Ráðlagður skammtur á kg heilfóðurs: 500 FTU. 3. Til nota í föurböndur sem innihalda yfir 0,23% fýtinbundinni föstör.	Án tímamarka

(°) 1 FTU er mægn þess ensíns sem leysir 1 mikromól ólífræns fosfats á mínútu úr natríumfýtati við pH 5,5 og 37 °C.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 278/2004

frá 17. febrúar 2004

um bráðabirgðaleyfi fyrir nýrri notkun aukefnis sem þegar er leyft að nota í fóður

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð ráðsins (EB) nr. 1756/2002 ⁽²⁾, einkum 3. gr. og 1. mgr. 9. gr. e,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 70/524/EBE er kveðið á um að ekki megi setja aukefni í dreifingu nema veitt hafi verið leyfi Bandalagsins fyrir því.
- 2) Þegar um er að ræða aukefni sem um getur í II. hluta viðauka C við tilskipun 70/524/EBE og tekur til ensíma má veita bráðabirgðaleyfi fyrir nýrri notkun aukefnis sem þegar hefur verið leyft, að uppfylltum skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeirri tilskipun og ef ástæða er til að ætla, með hliðsjón af fyrirliggjandi niðurstöðum, að notkun þess í fóðri hafi einhver þau áhrif sem um getur í a-lið 2. gr. þeirrar tilskipunar. Heimilt er að veita slíkt bráðabirgðaleyfi til allt að fjögurra ára ef um er að ræða aukefni sem tilgreind eru í II. hluta viðauka C við þá tilskipun.
- 3) Notkun ensimblöndu með endó-1,4-beta-xýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma longibrachiatum* (ATCC 2105), og súbtilisíni, sem er framleitt með *Bacillus subtilis* (ATCC 2107), eins og sett er fram í viðaukanum, hefur í fyrsta sinn verið leyfð til bráðabirgða fyrir eldiskjúklinga og kalkúna með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1636 /1999 ⁽³⁾.
- 4) Framleiðslufyrirtækið lagði fram ný gögn sem rökstuðning með umsókninni um rýmkuð leyfis fyrir þessu aukefni þannig að það taki til varhæna.
- 5) Mat á leyfisumsókn, sem lögð var fram að því er varðar nýja notkun þessa aukefnis, leiðir í ljós að skilyrði fyrir bráðabirgðaleyfi, sem kveðið er á um í tilskipun 70/524/EBE, hafa verið uppfyllt.

- 6) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (sérfræðinganefnd um aukefni og vörur eða efni sem eru notuð í fóður) lagði fram jákvætt álit um öryggi aukefnisins þegar það er notað fyrir varphænur við þau notkunarskilyrði sem sett eru fram í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 7) Því skal leyfa notkun þessa aukefnis fyrir varphænur til bráðabirgða um fjögurra ára skeið.
- 8) Matið á umsókninni leiðir í ljós að tilteknar aðgerðir eru nauðsynlegar til að vernda starfsmenn gegn váhrifum af völdum aukefnanna sem eru tilgreind í viðaukanum. Slík vernd ætti að vera tryggð með beitingu tilskipunar ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum ⁽⁴⁾ eins og henni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 ⁽⁵⁾.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Heimilt er að leyfa til bráðabirgða efnablönduna, sem tilheyrir flokknum „ensím“ og tilgreind er í viðaukanum, til notkunar sem aukefni í fóðri samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

⁽¹⁾ Stjóð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1.

⁽²⁾ Stjóð. EB L 265, 3.10.2002, bls. 1.

⁽³⁾ Stjóð. EB L 194, 27.7.1999, bls. 17.

⁽⁴⁾ Stjóð. EB L 183, 29.6.1989, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjóð. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. febrúar 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

—

VIÐAUKI

Nr. (eða EB-nr.)	Aukefni	Efnafornúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald		Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					Virknietningar á hvert kg heilföðurs	Virknietningar á hvert kg heilföðurs			
37	Endó-1,4-beta-xýlanasi EC 3.2.1.8 Súbtílísín EC 3.4.21.62 [Avisým 1300]	Efnablenda endó-1,4-beta-xýlanasa, sem er framleiddur með <i>Trichoderma longibrachiatum</i> (ATCC 2105), og súbtílísíns, sem er framleitt með <i>Bacillus subtilis</i> (ATCC 2107), með virkni að lágmarki: – endó-1,4-beta-xýlanasi: 2 500 U (°) / g – súbtílísín: 800 U (°) / g	Varpæmur	—	endó-1,4-beta-xýlanasi: 1 875 U súbtílísín: 600 U	—	1. Í notkunarleibeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við köggun. 2. Ráðlagður skammtur á kg heilföðurs: – endó-1,4-beta-xýlanasi: 1 875 U – súbtílísín: 600 U. 3. Til nota í fôðurblöndur, t.d. þær sem innihalda yfir 65% hveiti.	18.2.2008	

(°) U er magn þess ensíms sem leysir 1 mikrómol afoxandi sykra (xýlósjafingilda) á mínútu úr xýlani úr hafrahisni við pH 5,3 og 50 °C.
(°) U er magn þess ensíms sem leysir 1 mikrógrammi fenólsambands (xýrósinjafingilda) á mínútu úr kaseínharfni við pH 7,5 og 40 °C.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 490/2004

frá 16. mars 2004

um bráðabirgðaleyfi fyrir nýrri notkun aukefnis sem þegar er leyft að nota í fóður
(*Saccharomyces cerevisiae*)

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í föðri⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1756/2002⁽²⁾, einkum 3. gr. og 1. mgr. 9. gr. e.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 70/524/EBE er kveðið á um að ekki megi setja aukefni í dreifingu nema veitt hafi verið leyfi Bandalagsins fyrir því.
- 2) Þegar um er að ræða aukefni sem um getur í II. hluta viðauka C við tilskipun 70/524/EBE og tekur til örvera má veita bráðabirgðaleyfi fyrir nýrri notkun aukefnis sem þegar hefur verið leyft, að uppfylltum skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeirri tilskipun og ef ástæða er til að ætla, með hliðsjón af fyrirliggjandi niðurstöðum, að notkun þess í föðri hafi einhver þau áhrif sem um getur í a-lið 2. gr. þeirrar tilskipunar. Heimilt er að veita slíkt bráðabirgðaleyfi til allt að fjögurra ára ef um er að ræða aukefni sem tilgreind eru í II. hluta viðauka C við þá tilskipun.
- 3) Notkun örverublöndu með *Saccharomyces cerevisiae* (CBS 493.94) hefur í fyrsta sinn verið leyfð til bráðabirgða fyrir kálfa með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1436/1998⁽³⁾, fyrir eldisnautgripi með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 866/1999⁽⁴⁾ og fyrir mjólkurkúr með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 937/2001⁽⁵⁾. Þessum leyfum var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2200/2001⁽⁶⁾.
- 4) Ný gögn voru lögð fram sem rökstuðningur með umsókninni um rýmkun leyfis fyrir þessu aukefni þannig að það taki til hrossa.
- 5) Mat á leyfisumsókn, sem lögð var fram að því er varðar nýja notkun þessa aukefnis, leiðir í ljós að skilyrði fyrir bráðabirgðaleyfi, sem kveðið er á um í tilskipun 70/524/EBE, hafa verið uppfyllt.

- 6) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (sérfræðinganefnd um aukefni og vörur eða efni sem eru notuð í fóður) lagði fram jákvætt álit hinn 13. nóvember 2003 um öryggi aukefnisins þegar það er notað fyrir hross við þau notkunarskilyrði sem sett eru fram í þessari reglugerð.
- 7) Því skal leyfa notkun þessa aukefnis fyrir hross til bráðabirgða um fjögurra ára skeið.
- 8) Matið á umsókninni leiðir í ljós að tilteknar aðgerðir eru nauðsynlegar til að vernda starfsmenn gegn váhrifum af völdum aukefnanna sem eru tilgreind í viðaukanum. Slík vernd ætti að vera tryggð með beitingu tilskipunar ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum⁽⁷⁾ eins og henni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003⁽⁸⁾.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Heimilt er að leyfa til bráðabirgða efnablönduna, sem tilheyrir flokknum „örverur“ og tilgreind er í viðaukanum, til notkunar sem aukefni í föðri samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

⁽¹⁾ Stjótið. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1.⁽²⁾ Stjótið. EB L 265, 3.10.2002, bls. 1.⁽³⁾ Stjótið. EB L 191, 7.7.1998, bls. 15.⁽⁴⁾ Stjótið. EB L 108, 27.4.1999, bls. 21.⁽⁵⁾ Stjótið. EB L 130, 12.5.2001, bls. 25.⁽⁶⁾ Stjótið. EB L 299, 15.11.2001, bls. 1.⁽⁷⁾ Stjótið. EB L 183, 29.6.1989, bls. 1.⁽⁸⁾ Stjótið. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.
Gjört í Brussel 16. mars 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
David BYRNE
framkvæmdastjóri.

VÍÐAUKI

Nr. (eða EB-nr.)	Aukefni	Efniformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					Þyngingaföldi (CFU)/kg heilfóðurs	Hámarksinnihald		
„Örverur	<i>Saccharomyces cerevisiae</i> CBS 493.94	Efnablanda með <i>Saccharomyces cerevisiae</i> sem inniheldur að lágmarki: 1×10^8 CFU/g aukefnis	Hross	---	4×10^9	2.5×10^{10}	Í nokkurnatíðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluháita, geymsluþol og þol við köggluu. Magn <i>Saccharomyces cerevisiae</i> í dag-skammti skal ekki fara yfir $4,17 \times 10^{10}$ CFU á hver 100 kg líkamsþyngdar. Notkun er leyfð þegar tveir mánuðir eru liðnir frá því að vanið er undan og áfram.	17.3.2008 20.3.2008“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 880/2004

frá 29. apríl 2004

um leyfi án tímamarka fyrir notkun beta-karótíns og kantaxantíns sem aukefna í fóður í flokki litunarefna, að meðtöldum fastlitarefnum

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í föðri ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð ráðsins (EB) nr. 1756/2002 ⁽²⁾, einkum 1. mgr. 9. gr. d,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 70/524/EBE er kveðið á um að fá þurfi leyfi á vettvangi Bandalagsins fyrir notkun aukefnis.
- 2) Aukefnin, sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð, β-karótín, sem er notað handa kanarífuglum, og kantaxantín, sem er notað handa búr- og skrautfuglum, voru leyfð til bráðabirgða í fyrsta sinn með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2316/98 frá 26. október 1998 ⁽³⁾. Bráðabirgðaleyfið fyrir þessum aukefnum var framlengt til 14. desember 2003 með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2200/2001 frá 17. október 2001 ⁽⁴⁾.
- 3) Fyrirtækið, sem framleiðir bæði aukefnin, lagði fram ný gögn um verkunina til stuðnings umsókn um leyfi án tímamarka.
- 4) Mat á umsókn um leyfi án tímamarka, sem lögð var fram að því er varðar „karótenóíð og xantófüll“ úr flokknum „litunarefni, að meðtöldum fastlitarefnum“, leiðir í ljós að viðkomandi skilyrði, sem mælt er fyrir um í tilskipun 70/524/EBE, hafa verið uppfyllt.

5) Mat á umsókninni leiðir í ljós að tilteknar aðgerðir eru nauðsynlegar til að vernda starfsmenn gegn váhrifum af völdum aukefnanna β-karótíns og kantaxantíns. Slík vernd er þó tryggð með beitingu tilskipunar ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 ⁽⁵⁾ um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um ferli matvæla og dýraheilbrigði, þ.e. undirnefndar um fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Heimilt er að leyfa aukefnin, sem falla undir 1. hluta, „karótenóíð og xantófüll“ í flokknum „litunarefni, að meðtöldum fastlitarefnum“ og um getur í viðaukanum, til notkunar sem aukefni í föðri samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í viðaukanum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. apríl 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjótd. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1.

⁽²⁾ Stjótd. EB L 265, 3.10.2002, bls. 1.

⁽³⁾ Stjótd. EB L 289, 28.10.1998, bls. 4.

⁽⁴⁾ Stjótd. EB L 299, 15.11.2001, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjótd. EB L 183, 29.6.1989, bls. 1.

VIÐAUKI

Efn-nr.	Aukefni	Efnafornúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Hámarksnihald		Ónnur ákvæði	Leyfi rennur út
					Lágmarksnihald mg/kg heilföðurs	Hámarksnihald		
Lifunarefni, að meðöldum fastlitarefnum								
I. Karótenóð og xantóýll								
E 160a	β -karóten	$C_{40}H_{56}$	Kanarífuglar	---	---	---	---	Engin tímamörk
E 161g	Kantaxantín	$C_{28}H_{32}O_2$	Búr- og skraufuglar	---	---	---	---	Engin tímamörk

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1259/2004

frá 8. júlí 2004

um varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum sem þegar er leyft að nota í fóður

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1756/2002 ⁽²⁾, einkum 3. gr. og 1. mgr. 9. gr. d,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 70/524/EBE er kveðið á um að ekki megi setja aukefni í dreifingu nema veitt hafi verið leyfi Bandalagsins fyrir því.
- 2) Þegar um er að ræða aukefni sem tilgreind eru í II. hluta viðauka C við tilskipun 70/524/EBE, sem tekur til örvera og ensima, er heimilt að veita leyfi án tímamarka fyrir aukefni sem hefur þegar verið leyft ef skilyrði a-liðar 3. gr. hafa verið uppfyllt.
- 3) Notkun örverublöndu með *Enterococcus faecium* (DSM 10663/NCIMB 10415) var fyrst leyfð til bráðabirgða fyrir eldiskjúklinga með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1636/1999 ⁽³⁾.
- 4) Lögð voru fram ný gögn sem rökstuðningur með umsókninni um leyfi án tímamarka fyrir örveruna.
- 5) Matið á leyfisumsókninni, sem lögð var fram að því er varðar örveruna, leiðir í ljós að skilyrðin fyrir leyfi án tímamarka, sem kveðið er á um í tilskipun 70/524/EBE, hafa verið uppfyllt.
- 6) Því ber að leyfa notkun þessarar örveru án tímamarka fyrir eldiskjúklinga sem eru tilgreindir í I. viðauka.
- 7) Notkun ensimefnablöndu úr endó-1,4-beta-glúkanasa, endó-1,3(4)-beta-glúkanasa og endó-1,4-beta-xýlanasa, framleiddir með *Trichoderma longibrachiatum* (ATCC 74 252), var fyrst leyfð til bráðabirgða fyrir eldiskjúklinga í vökvaformi með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1436/1998 ⁽⁴⁾ og í kyрнаformi með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 937/2001 ⁽⁵⁾.
- 8) Notkun ensimefnablöndu úr endó-1,3(4)-beta-glúkanasa, framleiddur með *Aspergillus aculeatus* (CBS 589.94), var fyrst leyfð til bráðabirgða fyrir eldiskjúklinga með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 654/2000 ⁽⁶⁾.
- 9) Notkun ensimefnablöndu úr endó-1,3(4)-beta-glúkanasa og endó-1,4-beta-xýlanasa, framleiddir með *Penicillium funiculosum* (IMI SD 101), var fyrst leyfð til bráðabirgða fyrir eldiskjúklinga með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 866/1999 ⁽⁷⁾.
- 10) Notkun ensimefnablöndu úr endó-1,4-beta-xýlanasa, framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 520.94), var fyrst leyfð til bráðabirgða fyrir eldiskjúklinga með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1436/1998 ⁽⁸⁾.
- 11) Notkun ensimefnablöndu úr endó-1,4-beta-xýlanasa, framleiddur með *Bacillus subtilis* (LMG-S 15136), var fyrst leyfð til bráðabirgða fyrir eldiskjúklinga í vökvaformi með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1353/2000 ⁽⁹⁾ og í kyрнаformi með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2188/2002 ⁽¹⁰⁾.
- 12) Lögð voru fram ný gögn sem rökstuðningur með umsóknunum um leyfi án tímamarka fyrir hverja ensimefnablöndu.
- 13) Matið á leyfisumsóknunum, sem lagðar voru fram að því er varðar hverja ensimefnablöndu, leiðir í ljós að skilyrðin fyrir leyfi án tímamarka, sem kveðið er á um í tilskipun 70/524/EBE, hafa verið uppfyllt.
- 14) Því ber að leyfa notkun þessara ensimefnablandna án tímamarka fyrir eldiskjúklinga, með þeim skilyrðum sem sett eru fram í II., III., IV., V. og VI. viðauka.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1.⁽²⁾ Stjtið. EB L 265, 3.10.2002, bls. 1.⁽³⁾ Stjtið. EB L 194, 27.7.1999, bls. 17.⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 191, 7.7.1998, bls. 15.⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 130, 12.5.2001, bls. 25.⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 79, 30.3.2000, bls. 26.⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 108, 27.4.1999, bls. 21.⁽⁸⁾ Stjtið. EB L 191, 7.7.1998, bls. 15.⁽⁹⁾ Stjtið. EB L 155, 28.6.2000, bls. 15.⁽¹⁰⁾ Stjtið. EB L 333, 10.12.2002, bls. 5.

- 15) Athugun á umsóknunum sýnir að tilteknar aðgerðir eru nauðsynlegar til að vernda starfsmenn gegn váhrifum af aukefnunum sem eru tilgreind í viðaukunum. Slik vernd ætti að vera tryggð með beitingu tilskipunar ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum ⁽¹⁾ eins og henni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 ⁽²⁾.
- 16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.
Gjört í Brussel 8. júlí 2004.

1. gr.

Heimilt er að leyfa efnablönduna, sem tilheyrir flokknum „örverur“ og tilgreind er í I. viðauka, sem aukefni í fódri með þeim skilyrðum sem eru sett með þeim viðauka.

2. gr.

Heimilt er að leyfa efnablöndurnar, sem tilheyra flokknum „ensím“ og tilgreindar eru í II., III., IV., V. og VI. viðauka, sem aukefni í fódri með þeim skilyrðum sem eru sett með þeim viðaukum.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjótið. EB L 183, 29.6.1989, bls. 1.

⁽²⁾ Stjótið. EB L 284, 31.10.2003, bls. 1.

I. VIÐAUKI

EB-nr.	Aukefni	Efniformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hamarksaldur	Lágmarks- innihald Pyrpingarföldi (CFU)/kg heilfóðurs		Ómnur ákveði	Leyfi rennur út
					1 × 10 ⁹	1 × 10 ⁹		
Örverur E 1707	<i>Enterococcus faecium</i> DSM 10663/NCIMB 10415	Efnablanda <i>Enterococcus faecium</i> sem inniheldur að lágmarki: Duft og kornað form: 3,5 × 10 ¹⁰ CFU/g aukefnis Hjúpað form: 2,0 × 10 ¹⁰ CFU/g aukefnis Vökvaform: 1 × 10 ¹⁰ CFU/ml aukefnis	Eldis- kjúklingar	—	1 × 10 ⁹	1 × 10 ⁹	Í notkunarlöbningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við köggfun. Má nota í fíðurböndur sem innihalda him leyfðu hnitlaf: diklasúríl, íalófugínón, íasalósímatríum, maduramísínammóníum, mónensínmatríum, robeníndín	Án tímamarka

II. VIÐAUKI

EB-nr.	Aukefni	Efnafornula, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Hámarksinnihald		Ónmar akæði	Leyfi rennur út
					Lágmarksinnihald Pyrpingarföldur heilföðurs	Hámarksinnihald (CFU)/kg heilföðurs		
Einsim								
E 1602	Endó-1,4-beta-glúkánasi EC 3.2.1.4 Endó-1,3(4)-beta-glúkánasi EC 3.2.1.6 Endó-1,4-beta-xýlanasi EC 3.2.1.8	Efnablenda endó-1,4-beta-glúkánasa, endó-1,3(4)-beta-glúkánasa og endó-1,4-beta-xýlanasa, framleiddur með <i>Trichoderma longibrachiatum</i> (ATCC 74 252), með virkni að lágmarki: Vökva- og kyrnaformi: Endó-1,4-beta-glúkánasi: 8 000 U ⁽¹⁾ /ml eða g Endó-1,3(4)-beta-glúkánasi: 18 000 U ⁽²⁾ /ml eða g Endó-1,4-beta-xýlanasi: 26 000 U ⁽³⁾ /ml eða g	Eldis- kjúklingar	—	endó-1,4- beta-glúkán- asi: 400 U endó- 1,3(4)-beta- glúkánasi 900 U endó-1,4- beta-xýlan- asi: 1 300 U	— — —	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun. 2. Ráðlagður skammtur á kílógramm heilföðurs: endó-1,4-beta-glúkánasi: 400-1 600 U endó-1,3(4)-beta-glúkánasi: 900-3 600 U endó-1,4-beta-xýlanasi: 1 300-5 200 U. 3. Til nota í fôurböndur, auðugar af fjölsýkrum öðrum en sterkju (enikum arabinoxýlonum og beta-glúkónum), t.d. þær sem innihalda yfir 30% hveiti eða bygg og meira en 10% rúg.	An timamarka

(¹) 1 U er magn þess ensíms sem leysir 0,1 mikrómol glúkósa á mínútu úr karboxymetylcellulósa við pH 5,0 og 40 °C.
 (²) 1 U er magn þess ensíms sem leysir 0,1 mikrómol glúkósa á mínútu úr beta-glúkani úr byggri við pH 5,0 og 40 °C.
EB-nr.	Aukefni	Einaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks- innihald Virkefningar/kg heilföðurs	Hámarks- innihald heilföðurs	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
E 1613	Endó-1,4-beta-xýlanasi EC 3.2.1.8	Efnablanda endó-1,4-beta-xýlanasa, framleiddur úr <i>Trichoderma longibrachiatum</i> (CNCM MA 6 - 10W), með virkni að lágmarki: Dufform: 70 000 IFP (1)g Vökvaform: 7 000 IFP/ml	Eldis- kyklingar	—	1 050 IFP	—	1. Í nokkjarleibbeningum með aukefninu og förblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun. 2. Ráðlagður skammtur á kílógramm heilföðurs: 1 400 IFP. 3. Til nota í föðurböndur, auðugar af fjöl-sykrum öðrum en sterkju (einkum arabinoxýlonum), t.d. þær sem innihalda yfir 40% hveiti.	Án tímamarka

(1) 1 FXU er magn þess ensíms sem leysir 0,15 mikrómol xýlösa á minútu úr asírín-víxtengdu xýlani við pH 5,0 og 40 °C.
 (2) 1 BGU er magn þess ensíms sem leysir 0,15 mikrómol xýlösa á minútu úr asírín-víxtengdu beta-glúkani við pH 5,0 og 40 °C.
 (3) 1 BGLU er magn þess ensíms sem leysir 0,15 mikrómol xýlösa á minútu úr asírín-víxtengdu beta-glúkani við pH 5,0 og 40 °C.
 (4) 1 FXU er magn þess ensíms sem leysir 0,15 mikrómol xýlösa á minútu úr asírín-víxtengdu xýlani við pH 5,0 og 40 °C.
 (5) 1 U er magn þess ensíms sem leysir 1 mikrómol atoxandi sykra (glúkósajafngilda) á minútu úr beta-glúkani úr bygg við pH 5,0 og 30 °C.
 (6) 1 U er magn þess ensíms sem leysir 1 mikrómol atoxandi sykra (xylosajafngilda) á minútu úr xýlani úr hafrahámi við pH 5,0 og 40 °C.
 (7) 1 U er magn þess ensíms sem leysir 1 mikrómol atoxandi ehnis (galaktóronsyrujafngilda) á minútu úr fjöl-D-galaktóronhvortefni við pH 5,0 og 40 °C.
 (8) 1 U er magn þess ensíms sem leysir 1 mikrómol atoxandi sykra (glúkósajafngilda) á minútu úr beta-glúkani úr höfrum við pH 5,0 og 40 °C.
 (9) 1 U er magn þess ensíms sem leysir 1 mikrómol atoxandi sykra (glúkósajafngilda) á minútu úr xýlani úr höfrum við pH 4,0 og 30 °C.
 (10) 1 U er magn þess ensíms sem leysir 1 mikrómol atoxandi sykra (glúkósajafngilda) á minútu úr hveitistærju við pH 4,0 og 30 °C.
 (11) 1 IFP er magn þess ensíms sem leysir 1 mikrómol atoxandi sykra (mælt sem xýlösajafngildi) á minútu úr xýlani úr höfrum við pH 4,8 og 50 °C.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1463/2004

frá 17. ágúst 2004

um leyfi til 10 ára til að nota í föðri aukefnið sakox-120-örkyrni sem er í flokknum hníslalyf og önnur lyf

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í föðri ⁽¹⁾, einkum b-lið 5. mgr. 9. gr. g,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við tilskipun 70/524/EBE var veitt bráðabirgðaleyfi fyrir hníslalyfjum, sem tilgreind eru í I. viðauka við þá tilskipun fyrir 1. janúar 1988, frá og með 1. apríl 1998 og þau flutt í I. kafla í viðauka B, með það í huga að hægt væri að endurmeta þau sem aukefni sem tengjast einstaklingi sem er ábyrgur fyrir því að setja þau í dreifingu. Salínómýsinnatriumafurðin sakox-120-örkyrni (Sacox 120 microGranulate), aukefni sem tilheyrir flokknum „hníslalyf og önnur lyf“ og er tilgreint í I. kafla viðauka B við tilskipun 70/524/EBE.
- 2) Einstaklingurinn, sem er ábyrgur fyrir því að setja sakox-120-örkyrni í dreifingu, lagði fram leyfisumsókn og málsskjöl skv. 2. og 4. mgr. 9. gr. g í þeirri tilskipun.
- 3) Ef ekki er unnt, af ástæðum sem leyfishafi fær ekki ráðið við, að taka ákvörðun um umsóknina áður en leyfið rennur út framlengist gildistími viðkomandi aukefnis sjálfkrafa skv. 6. mgr. 9. gr. g í tilskipun 70/524/EBE uns framkvæmdastjórnin hefur tekið ákvörðun Ákvæði þetta gildir um leyfi fyrir sakox-120-örkyrni. Hinn 26. apríl 2001 fór framkvæmdastjórnin fram á að vísindanefndin um fóður ynni fulln- aðaráhættumat og var sú beiðni send til Matvælaöryggisstofnunar Evrópu. Allmargar beiðnir bárust um viðbótarupplýsingar meðan á endurmatinu stóð og var af þeim sökum ógerlegt að ljúka endurmatinu innan þess frests sem er tilgreindur í 9. gr. g.
- 4) Vísindanefndin um aukefni og afurðir eða efni, sem er notað í fóður, sem tengist Matvælaöryggisstofnun Evrópu, hefur sent frá sér jákvætt álit um öryggi og verkun sakox-120-örkyrnis fyrir eldiskjúklinga.

5) Endurmat framkvæmdastjórnarinnar á sakox-120-örkyrni leiddi í ljós að viðeigandi skilyrði, sem eru sett með tilskipun 70/524/EBE, hafa verið uppfyllt. Því ber að veita leyfi fyrir sakox-120-örkyrni í tíu ár sem aukefni tengt þeim sem er ábyrgur fyrir því að setja það í dreifingu og tilgreina það í I. kafla skrárinnar sem um getur í b-lið 9. gr. t í þeirri tilskipun.

6) Þar eð leyfið fyrir aukefninu tengist nú þeim sem er ábyrgur fyrir því að setja það í dreifingu og kemur í stað eldra leyfis, sem tengist engum tilteknum einstaklingi, ber að nema síðarnefnda leyfið úr gildi.

7) Þar sem engar öryggisástæður finnast fyrir því að afturkalla afurðina natriumsalínómýsín af markaði nú þegar ber að heimila sex mánaða aðlögunartímabil til að taka fyrirliðgjandi birgðir af aukefninu úr umferð.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. kafla viðauka B við tilskipun 70/524/EBE er breytt sem hér segir:

Aukefnið natriumsalínómýsín, sem tilheyrir flokknum „hníslalyf og önnur lyf“, falli brott.

2. gr.

Heimilt er að leyfa aukefnið sakox 120 örkryrni, sem tilheyrir flokknum „hníslalyf og önnur lyf“ og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð, í föðri með þeim skilyrðum sem eru sett í sama viðauka.

3. gr.

Heimilt er að nota fyrirliðgjandi birgðir natriumsalínómýsíns í sex mánuði eftir gildistöku þessarar reglugerðar.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

⁽¹⁾ Stjóð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1. Tilskipunin var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1289/2004 (Stjóð. ESB L 243, 15.7.2004, bls. 15).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.
Gjört í Brussel 17. ágúst 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Skráning- arnúmer aukefnis	Nafn og skráningarnúmer þess sem er ábyrgur fyrir því að setja aukefni í dreifingu	Aukefni (viðskiptaheiti)	Samsetning, efniformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Hámarks- innihaldi		Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Lágmarks- innihaldi	Hámarks- innihaldi		
Hinsalíylf og önnur lyf „E 766		Natriumsalínómýs in 120 g/kg (Sakox-120- örkyrni)	Samsetning, efniformúla, lýsing <i>Samsetning aukefnis:</i> Natriumsalínómýsin ≥ 120 g/kg Kísildíoxíð: 10–100 g/kg Kalsíumkarbónat: 350–700 g/kg <i>Virki efni:</i> Natriumsalínómýsin, C ₁₀ H ₁₆ O ₁₁ Na, CAS-númer: 53003-10-4, Natriumsalt polýetrannóókarboxýlsýru sem er framleidd með gerjun <i>Strepto-</i> <i>myces albus</i> (DSM 12217) Skyld óhreinnndi: < 42 mg elatóýlín/kg af natriumsalínó- mýsini. < 40 g 17-epí-20-desoxý-salínó- mýsín/kg af natriumsalínómýsini.	Eldis- kjúklingar	—	60	70	Önnur ákvæði Nokkun bönnuð í a.m.k. fimm daga fyrir slátrun. Í notkunarlöbæmingum komi fram: „Hættulegt dýrum af hestaætt og kalkúnum“ „Þetta föður inniheldur jónófor: óráðlegt er að nota það samtímis tilteknum lyfjum (t.d. tiamúlín)“	21. ágúst 2014“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1464/2004

frá 17. ágúst 2004

um leyfi til 10 ára til að nota í föðri aukefnið monteban sem er í flokknum hníslalyf og önnur lyf

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í föðri⁽¹⁾, einkum b-lið 5. mgr. 9. gr. g,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við tilskipun 70/524/EBE var veitt bráða-birgðaleyfi fyrir hníslalyfjum, sem tilgreind voru í I. viðauka við þá tilskipun fyrir 1. janúar 1988, frá og með 1. apríl 1998 og þau flutt í I. kafla í viðauka B, með það í huga að þau verði endurmetin sem aukefni sem tengjast einstaklingi sem er ábyrgur fyrir því að setja þau í dreifingu. Narasinafurðin monteban er aukefni sem tilheyrir flokknum „hníslalyf og önnur lyf“ og er tilgreint í I. kafla viðauka B við tilskipun 70/524/EBE.
 - 2) Einstaklingurinn, sem er ábyrgur fyrir því að setja monteban í dreifingu, lagði fram leyfisumsókn og mállskjöl skv. 2. og 4. mgr. 9. gr. g í þeirri tilskipun.
 - 3) Ef ekki er unnt, af ástæðum sem leyfishafi fær ekki ráðið við, að taka ákvörðun um umsóknina áður en leyfið rennur út framlengist gildistími viðkomandi aukefnis sjálfkrafa skv. 6. mgr. 9. gr. g í tilskipun 70/524/EBE uns framkvæmdastjórnin hefur tekið ákvörðun. Ákvæði þetta gildir um leyfi fyrir montebani. Hinn 26. apríl 2001 fór framkvæmdastjórnin fram á fullnaðaráhættumat frá vísindanefndinni um föður og var sú beiðni send til Matvælaöryggisstofnunar Evrópu. Allmargar beiðnir bárust um viðbótarupplýsingar meðan á endurmatinu stóð og var af þeim sökum ógerlegt að ljúka endurmatinu innan þess frests sem er tilgreindur í 9. gr. g.
 - 4) Vísindanefndin um aukefni og afurðir eða efni, sem er notað í föður, sem tengist Matvælaöryggisstofnun Evrópu, hefur sent frá sér jákvætt álit um öryggi og verun montebans fyrir eldskjúklinga.
- 5) Endurmat framkvæmdastjórnarinnar á montebani sýndi fram á að viðeigandi skilyrði, sem eru sett með tilskipun 70/524/EBE, eru uppfyllt. Því ber að veita leyfi til tíu ára fyrir montebani sem aukefni, tengt þeim einstaklingi sem er ábyrgur fyrir því að setja það í dreifingu og bæta því við í I. kafla skrárinnar sem um getur í b-lið 9. gr. t í þeirri tilskipun.
 - 6) Þar eð leyfið fyrir aukefninu tengist nú þeim einstaklingi sem er ábyrgur fyrir því að setja það í dreifingu og kemur í stað eldra leyfis, sem tengist ekki neinum tilteknum einstaklingi, ber að nema síðarnefnda leyfið úr gildi.
 - 7) Þar sem engar öryggisástaður finnast fyrir því að taka afurðina narasin af markaði nú þegar ber að heimila sex mánaða aðlögunartímabil til að taka fyrirbyggjandi birgðir af aukefninu úr umferð.
 - 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.
- SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:
- 1. gr.*
- Ákvæðum I. kafla viðauka B við tilskipun 70/524/EBE er breytt sem hér segir: Aukefnið narasin, sem tilheyrir flokknum „hníslalyf og önnur lyf“, falli brott.
- 2. gr.*
- Heimilt er að leyfa aukefnið monteban, sem tilheyrir flokknum „hníslalyf og önnur lyf“ og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð, í föðri með þeim skilyrðum sem eru sett í sama viðauka.
- 3. gr.*
- Nýting fyrirbyggjandi birgða af narasini er leyfð í sex mánuði eftir gildistöku þessarar reglugerðar.
- 4. gr.*

(1) Stjótd. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1289/2004 (Stjótd. EB L 243, 15.7.2004, bls. 15).

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.
Gjört í Brussel 17. ágúst 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar.

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

—

VIÐAUKI

Skráning- númer aukefnis	Nafn og skráningunúmer þess sem er ábyrgur fyrir því að selja aukefni í dreifingu	Aukefni (vöðskjapnefni)	Samsetning, efniformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hamarsaldur	Lágmarks- innihald	Hamars- innihald	Ömur akvaði	Leyfi rennur út
						mg virks efnis/kg heilfróðurs			
E 765	Hniskalyf og ömur lyf Eli Lilly and Company Ltd	Narasin 100 g/kg (Monteban, Monteban G 100)	Samsetning aukefnis: Narasin: 100 g virkt efni/kg Sojaolía eða jarðefnaolia: 10–30 g/kg Vermikúllit: 0–20 g/kg Hitameðhöndlað sojabaumahýði eða ris- hýði eftir þörfum: 1 kg Virkt efni: Narasin, C ₁₃ H ₁₇ O ₁₁ CAS-númer: 55134-13-9 Fjöletramónókarboxýlsýra, framleidd með <i>Streptomyces aureofaciens</i> (NRRL 8092), í kornuðu formi Virkt narasins A: ≥ 90%	Eldis- kjúklingar	—	60	70	Ömur bönnuð í a.m.k. fimm daga fyrir slátrun. Í nokkunarleðbeiningum komi fram: „Hættulegt dýrum af hestaætt, kalkúnum og kaninum“. „Þetta föður inniheldur jónófir: óræðlegt er að nota það samtímis tilteknnum lyfjum (t.d. tiamúlini)“.	21. ágúst 2014“

REGLUGERÐ

um (3.) breytingu á reglugerð nr. 74/2002 um lífræna landbúnaðarframleiðslu og merkingar.

1. gr.

Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 35/2004, frá 23. apríl 2004, skal reglugerð framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 2144/2003 öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka EES-samningsins og öðrum ákvæðum hans.

Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 97/2004, frá 9. júlí 2004, skal reglugerð framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 2277/2003 öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka EES-samningsins og öðrum ákvæðum hans.

Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 125/2004, frá 24. september 2004, skal reglugerð framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 392/2004 öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka EES-samningsins og öðrum ákvæðum hans.

Reglugerðir Evrópusambandsins eru birtar sem fylgiskjöl við reglugerð þessa.

2. gr.

Með innleiðingu reglugerða Evrópusambandsins nr. 2144/2003, 2277/2003 og 392/2004, breytast ákvæði reglugerðar nr. 74/2002 um lífræna landbúnaðarframleiðslu og merkingar þannig að:

1. Ákvæði 2., 8., 9. og 10. gr. breytast í samræmi við ákvæði 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 392/2004.
2. Undirliðir nr. 3.4, 3.5, 3.6, 3.10, 4.3, 4.8, 4.10 og 4.17 í B-hluta I. viðauka breytast í samræmi við 1. lið viðauka reglugerðar (EB) 2277/2003.
3. C-hluti II. viðauka breytist í samræmi við 2. lið viðauka reglugerðar (EB) nr. 2277/2003.
4. D-hluti II. viðauka breytist í samræmi við 3. lið viðauka reglugerðar (EB) nr. 2277/2003.
5. Ákvæði X. viðauka breytast í samræmi við viðauka reglugerðar (EB) nr. 2144/2003.

3. gr.

Við 2. gr. reglugerðar nr. 74/2002 bætast við eftirfarandi undirliðir:

- á íslensku: lífrænt;
- á norsku: økologisk.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 6. gr. laga nr. 162/1994 um lífræna landbúnaðarframleiðslu og öðlast gildi við birtingu.

Landbúnaðarráðuneytinu, 28. október 2005.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Sigríður Stefánsdóttir.

Fylgiskjöl.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2144/2003**

frá 8. desember 2003

um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 94/92 um nákvæmar reglur um innflutning frá þriðju löndum sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 frá 24. júní 1991 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1452/2003 ⁽²⁾, einkum 1. mgr. 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Skráin yfir þriðju lönd, sem tiltekna landbúnaðarafurðir, sem eru lífræn framleiðsla, verða að vera upprunnar í til að markaðssetja megi þær í Bandalaginu, sbr. 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91, er sett fram í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 94/92 ⁽³⁾ eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 545/2003 ⁽⁴⁾. Sú skrá var samin í samræmi við 2. mgr. 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91.
- 2) Argentínsk yfirvöld hafa farið þess á leit við framkvæmdastjórnina að hún skrái nýjan eftirlits- og vottunaraðila í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 94/92. Argentínsk yfirvöld hafa lagt fyrir framkvæmdastjórnina allar nauðsynlegar ábyrgðir og upplýsingar til að sýna fram á að nýi eftirlits- og vottunaraðilinn uppfylli skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91.
- 3) Áströlsk yfirvöld hafa tilkynnt framkvæmdastjórninni að tiltekinn eftirlitsaðili hafi endurskipulagt starfsemi sína og breytt heiti sínu.
- 4) Ungverjaland lagði fram beiðni um að afurðaflokkarnir í skránni, sem kveðið er á um í 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91, yrðu rýmkaðir í því skyni að bæta þar við búfé og búfjárafurðum. Ungverjaland sendi þær upplýsingar sem krafist er skv. 2. mgr. 2. gr. reglugerðar (EBE) nr. 94/92.
- 5) Athugun á þessum upplýsingum og viðræður við ungversk yfirvöld, sem fylgdu í kjölfarið, leiddu til þeirrar niðurstöðu að í þessum löndum væru reglur um framleiðslu og eftirlit með búfé og búfjárafurðum jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í reglugerð (EBE) nr. 2092/91.
- 6) Sviss hefur farið þess á leit við framkvæmdastjórnina að hún breyti skilmálanum sem gilda um skráningu þess í samræmi við samkomulagið milli Evrópubandalagsins og Ríkjasambandsins Sviss um viðskipti með landbúnaðarafurðir ⁽⁵⁾, einkum 9. viðauka samkomulagsins um lífrænt framleiddar landbúnaðarafurðir og matvæli.
- 7) Sviss hefur lagt fram þær upplýsingar sem krafist er skv. 5. mgr. 2. gr. reglugerðar (EBE) nr. 94/92. Athugun á upplýsingunum, sem lagðar voru fram, hefur leitt til þeirrar niðurstöðu að kröfumnar jafngildi þeim kröfum sem gerðar eru í löggjöf Bandalagsins.
- 8) Yfirvöld á Nýja-Sjálandi hafa lagt fram nákvæmara heiti þess aðila sem gefur út vottorð.
- 9) Því ber að breyta reglugerð (EBE) nr. 94/92 í samræmi við það.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem um getur í 14. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (EBE) nr. 94/92 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópasambandsins*.⁽¹⁾ Stjtið. EB L 198, 22.7.1991, bls. 1.⁽²⁾ Stjtið. ES L 206, 15.8.2003, bls. 17.⁽³⁾ Stjtið. EB L 11, 17.1.1992, bls. 14.⁽⁴⁾ Stjtið. ES L 81, 28.3.2003, bls. 10.⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 114, 30.4.2002, bls. 132.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. desember 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Ákvæðum viðaukans við reglugerð (EBE) nr. 94/92 er breytt sem hér segir:

1. Í 3. lið textans, þar sem fjallað er um Argentínu, bætist við undirliðurinn „— Food Safety SA“.
2. Í 3. lið textans, þar sem fjallað er um Ástralíu, fellur þriðji undirliðurinn, „— Biological Farmers of Australia (BFA)“ brott og við bætist undirliðurinn „— Australian Certified Organic Inc.“.
3. Í textanum, þar sem fjallað er um Ungverjaland, komi eftirfarandi í stað 1. liðar:

„1. Afurðaflokkar:

- a) Óunnar afurðir frá akuryrkju, búfé og óunnar búfjárafurðir í skilningi a-liðar 1. mgr. 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91.
- b) Unnar landbúnaðarafurðir frá akuryrkju og búfjárafurðir til mannelis í skilningi b-liðar 1. mgr. 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91.“

4. Í 2. lið textans, þar sem fjallað er um Sviss, bætist eftirfarandi við á eftir þriðja undirlið:

„— eða frá þriðja landi, enda hafi Sviss viðurkennt að reglur þess um framleiðslu og eftirlitskerfi séu jafngildar þeim reglum og því kerfi sem kveðið er á um í svissneskri löggjöf.“

5. Í textanum, þar sem fjallað er um Nýja-Sjáland, komi eftirfarandi í stað 4. liðar:

„Aðili sem gefur út vottorð: Ministry of Agriculture and Forestry (MAF) — New Zealand Food Safety Authority (NZFSA).“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2277/2003

frá 22. desember 2003

um breytingu á I. og II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 frá 24. júní 1991 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum⁽¹⁾, einkum annarri undirgrein 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Skrárnar yfir fôðurefni, aukefni í fôðri, tiltekin efni og tæknileg hjálparefni, sem eru notuð í fôður, sem mælt er fyrir um í C- og D-hluta II. viðauka reglugerðar (EBE) nr. 2092/91, hafa verið endurskoðaðar í samræmi við lið 4.15 í B-hluta I. viðauka við þá reglugerð.
- 2) Ekki er lengur þörf á tilteknum, hefðbundnum fôðurefnum úr plönturíkinu í lífrænum búskap á vettvangi Bandalagsins. Hins vegar eru flest hefðbundin fôðurefni, einkum tilteknar prótínafurðir, enn ómissandi, a.m.k. í sumum aðildarríkjum. Hefðbundnar aukaafurðir mjólkur eru auk þess enn nauðsynlegar í lífrænum búskap og nauðsynlegt er að nota fleiri steinefni til að tryggja velferð búpenings sem er lífrænt alinn.
- 3) Í lífrænum búskap er eingöngu leyft að nota tiltekin rotvarnarefni sem aukefni í vothevi. Notkun þessara efna er á hinn bóginn einnig nauðsynleg í sumum aðildarríkjum til að rotverja plöntuafurðir. Af tæknilegum ástæðum er auk þess nauðsynlegt að nota önnur aukefni í fôður úr flokki bindiefna, kekkjavarnarefna og storkuefna.
- 4) Breyta ber skránum yfir fôðurefni og aukefni í fôðri til samræmis við þetta.
- 5) Samræmdar reglur um lífræna búfjárframleiðslu hafa verið settar tiltölulega nýlega. Genasafn hinna ýmsu tegunda búfjár, sem er lífrænt alið, er enn lítið að

vöxtum. Þegar um er að ræða alifugla skiptist framleiðslukerfið auk þess í mismunandi stig sem eru venjulega undir stjórn mismunandi, sérhæfðra sviða. Vegna þess hve flókin þessi kerfi eru hefur ekkert aðildarríki náð að ljúka lífrænu framleiðsluferli alifugla til fulls. Til að tryggja nægilega, lífræðilega fjölbreytni hjá lífrænt öldu búfé og til að efla þróun lífrænnar búfjárframleiðslu er nauðsynlegt að lengja aðlögunartímabilið þar sem færa má dýr, sem alin eru á hefðbundinn hátt, inn í kerfi lífræns búskapar.

- 6) Til að ýta undir eðlilegan vöxt og til að endurnýja hjörð eða hóp skal gefa hefðbundnum kynjum, sem hætta er á að hverfi úr landbúnaði, sérstakan gaum.
- 7) Ein af meginreglum í lífrænum búskap er að tryggja tengsl milli búfjár og ræktaðs lands. Fôður fyrir allar tegundir lífrænt alinna dýra skal fyrst og fremst vera upprunið á búinu sjálfu eða, ef því verður ekki við komið, framleitt í samvinnu við önnur lífræn bú.
- 8) Því ber að breyta I. og II. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91 til samræmis við þetta.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót í samræmi við 14. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. og II. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 198, 22.7.1991, bls. 1; Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) No 806/2003 (Stjtið. ESB L 122, 16.5.2003, bls. 1).

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. desember 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.

—

VIÐAUKI

1. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á B-hluta I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91:
- a) eftirfarandi komi í stað liðar 3.4:
- „Önnur heimilaða undanþága er að leyfilegt er, þegar hjörð eða bústofni er komið upp í fyrsta sinn og ekki eru fánleg nógu mörg lifrænt alin dýr, að taka búfé, sem hefur ekki verið lifrænt alið, til eldis í lifrænni framleiðslueiningu, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:
- varphænur mega ekki vera eldri en 18 vikna,
 - alifuglar til kjötframleiðslu verða að vera yngri en þriggja daga,
 - bufflakálfar til undaneldis skulu vera yngri en sex mánaða,
 - kálfar og folöld til undaneldis skulu alin samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar þegar eftir að þau eru vanin undan og í öllum tilvikum skulu þau vera yngri en sex mánaða,
 - lömb og kiðlingar til undaneldis skulu alin samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar þegar eftir að þau eru vanin undan og í öllum tilvikum skulu þau vera yngri en sextíu daga,
 - grisir til undaneldis skulu aldri samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar þegar eftir að þeir eru vandir undan og í öllum tilvikum skulu þeir veга minna en 35 kg.“,
- b) eftirfarandi komi í stað liðar 3.5:
- „Afla ber heimildar fyrir fram frá eftirlitsyfirvaldi eða -aðila fyrir þessari undanþágu sem gildir fyrir aðlögunartímann sem lýkur 31. desember 2004.“,
- c) eftirfarandi komi í stað liðar 3.6:
- „Þriðja heimilaða undanþága er að eftirlitsyfirvald eða -aðili skal veita leyfi til að endurnýja eða byggja upp aftur hjörð eða bústofn þegar lifrænt alin dýr eru ekki á boðstólum og í eftirfarandi tilvikum:
- a) hlutfallslega mörg dýr hafa drepist vegna kringumstæðna sem rekja má til heilbrigðisvanda eða stóráfalla,
 - b) varphænur eru ekki eldri en 18 vikna,
 - c) alifuglar til kjötframleiðslu eru yngri en þriggja daga,
 - d) grisir til undaneldis, þegar er þeir hafa verið vandir undan, veга minna en 35 kg.
- Tilvik í b-, c- og d-lið eru leyfð á aðlögunartímabilinu sem lýkur 31. desember 2004.“,
- d) eftirfarandi komi í stað liðar 3.10:
- „Hækka má þessar tölur í allt að 40% að fengnu álitu og samþykki eftirlitsyfirvalds eða -aðila í eftirfarandi sértilvikum:
- þegar ráðist er í meiri háttar stækkun á búi,
 - þegar skipt er um dýrakyn,
 - þegar unnið er að þróun nýrra búfjargreina,
 - þegar hætta er á að kyn hverfi úr landbúnaði. Dýr af þessum kynjum þurfa ekki endilega að vera dýr sem hafa ekki átt afkvæmi.“,
- e) eftirfarandi komi í stað liðar 4.3:
- „Búféð skal enn fremur alið í samræmi við þær reglur sem eru settar fram í þessum viðauka og nota skal föður frá einingunni eða, ef því verður ekki við komið, föður frá öðrum einingum eða fyrirtækjum sem falla undir ákvæði þessarar reglugerðar. Enn fremur skulu, þegar um er að ræða grasbíta, a.m.k. 50% föðursins upprunnin á búinu sjálfu eða, ef því verður ekki komið við, framleitt í samvinnu við önnur lifræn bú, nema á þeim tíma hvers árs þegar dýr fara milli bithaga.“,
- f) eftirfarandi komi í stað liðar 4.8:
- „Á aðlögunartímanum, sem rennur út 24. ágúst 2005, er heimiluð sú undanþága frá ákvæðum í lið 4.2 að leyfa notkun takmarkaðs hlutfalls hefðbundins föðurs ef bændur geta sýnt eftirlitsaðila eða -yfirvaldi aðildarríkisins fram á að þeir hafi ekki tök á að afla föðurs eingöngu frá lifrænni framleiðslu. Mesta leyfilega hlutfall hefðbundins föðurs á hverju ári er 10%, þegar um grasbíta er að ræða, og 20% fyrir aðrar tegundir. Þessar tölur skal reikna árlega sem hundraðshluta af þurrefni föðurs sem er framleitt úr landbúnaðarafurðum. Mesta leyfilega hlutfall hefðbundins föðurs í daglegum skammti, utan þess tíma sem dýr fara árlega milli bithaga, skal vera 25%, reiknað sem hundraðshluti þurrefnis.“,
- g) liður 4.10 falli niður,

h) eftirfarandi komi í stað liðar 4.17:

„Eingöngu er heimilt að nota í fóður afurðir, sem eru tilgreindar í lið 1.3 (ensím), 1.4 (örverur), 1.5 (rot-varnarefni), 1.6 (bindiefni, kekkjavarnar- og storkuefni), 1.7 (andoxunarefni), 1.8 (aukefni til votheys-verkunar), í 2. lið (tilteknar afurðir notaðar í fóður) og 3. lið (tæknileg hjálparefni notuð í fóður) D-hluta II. viðauka, í þeim tilgangi sem er tilgreindur að því er varðar framangreinda flokka. Hvorki má nota sykralyf, hníslalyf, önnur lyf, vaxtarhvata né nokkurt annað efni, sem er ætlað að örva vöxt eða framleiðslu, í fóður.“

2. Eftirfarandi komi í stað C-hluta II. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91:

„1. **Fóðurefni úr jurtaríkinu**

1.1. Korn ásamt afurðum og aukaafurðum þess. Einungis eftirtalin efni eru í þessum flokki:

Hafragrjón, -flögur, -fóðurmjöl, -hýði og -klið; byggkorn, -prótín og -fóðurmjöl; riskimkaka; hirsikorn; rúgkorn og rúgfóðurmjöl; dúrrukorn; hveitikorn, -fóðurmjöl, -hýði, -glútenfóður, -glúten og -kím; speltkorn; rúghveitikorn, maiskorn, -klið, -fóðurmjöl, -kímkaka og -glúten; maltsþpur; hrat frá bruggun.

1.2. Oliufræ og oliurik aldin ásamt afurðum og aukaafurðum þeirra. Einungis eftirtalin efni eru í þessum flokki:

Repjufræ, -kaka og -hýði; sojabauur, einnig ristaðar, sojakaka og -hýði; sölblómafræ og -kaka; baðmullarfræ og -kaka; hörfræ og -kaka; sesamfræ og -kaka; pálmakjarnakaka; graskersfrækaka; ólifur, ólifumauk; jurtaolíur (sem falla til við pressun eða ámóta vinnslu).

1.3. Belgjurtafræ ásamt afurðum og aukaafurðum þess. Einungis eftirtalin efni eru í þessum flokki:

Kjúklingabauur sem fræ, fóðurmjöl og klíð; linsuflækjufræ, -fóðurmjöl og -klíð; varpabauur (fræ) sem hafa fengið viðeigandi hitameðferð, varpabaunafóðurmjöl og -klíð; ertur (fræ), ertufóðurmjöl og -klíð; bóndabauur sem fræ, bóndabaunafóðurmjöl og -klíð; hestabauur sem fræ, hestabaunafóðurmjöl og -klíð; flækjufræ, flækjufóðurmjöl og -klíð og lúpínufræ, lúpínufóðurmjöl og -klíð.

1.4. Hnýði og rötarávextir ásamt afurðum og aukaafurðum þeirra. Einungis eftirtalin efni eru í þessum flokki:

Sykurrófnamauk, kartöflur, sætuhnúðar (hnýði), kartöflumauk (aukaafurð sem fellur til við útdrátt kartöflusterkju), kartöflusterkja og kartöfluprótein og kassava.

1.5. Önnur fræ og aldin ásamt afurðum og aukaafurðum þeirra. Einungis eftirtalin efni eru í þessum flokki:

Jóhannesarbrauð, jóhannesarbrauðskálpar og -mjöl, risagrasker, sitrusmauk; epli, kveði, perur, ferskjur, fikjur, vínber og mauk úr þeim; kastaníuhnetur, valhnetukaka, heslihnetukaka; kakóhýði og -kaka; akörn.

1.6. Fóðurjurtir og gróffóður. Einungis eftirtalin efni eru í þessum flokki:

Refasmári, refasmáramjöl, smári, smáramjöl, gras og grænfóður (úr fóðurjurtum), grasmjöl, hey, vothey, kornhálmur og rötarávextir til fóðurs.

1.7. Aðrar plöntur ásamt afurðum og aukaafurðum þeirra. Einungis eftirtalin efni eru í þessum flokki:

Melassi, þörungamjöl (unnið með þurrkun og mölun og skolað til að minnka innihald joðs), duft og kjarni (extracts) úr plöntum, plöntupróteinkjarni (eingöngu fyrir ung dýr), krydd og kryddjurtir.

1.8. Heimilt er að nota eftirfarandi fóðurefni til 30. júní 2004: hrisgrjón, brotinn ris, rísklið, rúgfóður, rúgklíð, fræhýði af akurfrækáli og tapióka.

2. **Fóðurefni úr dýraríkinu**

2.1. Mjól og mjólkurafurðir. Einungis eftirtalin efni eru í þessum flokki:

Hrámjól, eins og hún er skilgreind í 2. gr. tilskipunar 92/46/EBE (*), mjólkurduft, undanrenna, undanrennuduft, áfir, áfaduft, mysa, mysuduft, sykurskert mysuduft, mysupróteinduft (dregið út með eðlisfræðilegum aðferðum), kasinduft, laktósaduft, ystingur og súrmjól.

- 2.2. Fiskur og önnur sjávardýr ásamt afurðum og aukaafurðum þeirra. Einungis eftirtalin efni eru í þessum flokki:

Fiskur, fisklýsi og þorskalýsi, óhreinsað; efni sem myndast við sjálfsrof, vatnsrof og prótínrof, fengin með ensimverkun, úr fiski, lindýrum eða krabbadýrum og hvort sem þau eru í leysanlegu formi eða ekki, eingöngu ætluð ungum dýrum; fiskimjöl.

- 2.3. Egg og eggjaafurðir til fôðrunar alifugla, helst frá eigin bújörð.

3. **Fóðurefni úr steinaríkinu**

Einungis eftirtalin efni eru í þessum flokki:

Natríum:

óhreinsað sjávarsalt
óunnið steinsalt
natríumsúlfat
natríumkarbónat
natríumbikarbónat
natríumklóríð

Kalíum:

kalíumklóríð

Kalsíum:

þörungakalk og mergill
skeljar sjávardýra (þar á meðal blekfiskaskeljar)
kalsíumkarbónat
kalsíumlaktat
kalsíumglúkonat

Fosfór:

afflúrað tvíkalsíumfosfat
afflúrað einkalsíumfosfat
einnatríumfosfat
kalsíummagnesiumfosfat
kalsíumnatríumfosfat

Magnesium:

magnesiumoxíð (vatnsfrítt magnesiumoxíð)
magnesiumsúlfat
magnesiumklóríð
magnesiumkarbónat
magnesiumfosfat

Brennisteinn:

natríumsúlfat.

Heimilt er að nota tvíkalsíumfosfat (útfellt úr beinum) til 30. júní 2004.

(*) Stjtið. EB L 268, 14.9.1992, bls. 1.“

3. Eftirfarandi komi í stað D-hluta II. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91:

„1. **Aukefni í fóðri**

- 1.1. Snefilefni. Einungis eftirtalin efni eru í þessum flokki:

E1 Járn:

járn-(II)-karbónat
járn-(II)-súlfat, einvatnað og/eða sjövatnað
járn-(III)-oxíð,

E2 Joð:

kalsíumjoðat, vatnsfrítt
kalsíumjoðat, sexvatnað
natríumjoðið.

E3 Kóbalt:
kóbalt-(II)-súlfat, einvatnað og/eda sjövatnað
basískt kóbalt-(II)-karbónat, einvatnað,

E4 Kopar:
kopar-(II)-oxíð
basískt kopar-(II)-karbónat, einvatnað
kopar-(II)-súlfat, fimmvatnað,

E5 Mangan:
mangan-(II)-karbónat
mangan-(II og III)-oxíð
mangan-(II)-súlfat, ein- og/eda fjórvatnað,

E6 Sink:
sinkkarbónat
sinkoxíð
sinksúlfat, ein- og/eda sjövatnað,

E7 Mólýbden:
ammoníummólýbdat, natríummólýbdat,

E8 Selen:
natríumselenat
natríumselenít.

- 1.2. Vítamín og forvítamín og efnafræðilega vel skilgreind efni með svipaðri verkun. Einungis eftirtalin efni eru í þessum flokki:

Vítamín sem eru leyfð samkvæmt tilskipun 70/524/EBE(*):

- einkum þau sem eru unnin úr náttúrlegum hráefnum í fóðurefnum eða
- tilbúin vítamín sem eru eins og náttúrleg vítamín, eingöngu fyrir einmaga dýr.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein, er lögbærum yfirvöldum hvers aðildarríkis heimilt að leyfa, á aðlögunartímabili sem lýkur 31. desember 2005, notkun tilbúinna A-, D- og E-vítamína fyrir jörturdýr að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

- tilbúnu vítamínin eru eins og náttúrleg vítamín og
- leyfið, sem aðildarríkin gefa út, byggist á nákvæmum viðmiðunum og er tilkynnt til framkvæmdastjórnarinnar.

Framleiðendur geta því aðeins nýtt sér þetta leyfi að þeir hafi sýnt skoðunaraðila eða -yfirvaldi aðildarríkis fram á það með öyggjandi hætti að ekki sé unnt að tryggja heilbrigði og velferð dýra í landi þeirra án þessara tilbúnu vítamína.

- 1.3. Ensím. Einungis eftirtalin efni eru í þessum flokki:
Ensím sem eru leyfð samkvæmt tilskipun 70/524/EBE.
- 1.4. Örverur. Einungis eftirtalin efni eru í þessum flokki:
Örverur sem eru leyfðar samkvæmt tilskipun 70/524/EBE.
- 1.5. Rotvarnarefni. Einungis eftirtalin efni eru í þessum flokki:

E 200 Sorbínsýra
E 236 Maurasýra
E 260 Edíksýra
E 270 Mjólkursýra
E 280 Própíónsýra
E 330 Sítrónusýra

Því aðeins er heimilt að nota mjólkur-, maura-, própíón- og edíksýru við votheysverkun að veðurskilyrði séu þannig að gerjun verði annars ófullnægjandi.

- 1.6. Bindiefni, kekkjavarnarefni og storkuefni. Einungis eftirtalin efni eru í þessum flokki:

E 470 Kalsíumsterat af lífrænum uppruna

E 551b Silíkat í sviflausn

E 551c Kísilgúr

E 558 Bentónít

E 559 Kaólinítleir

E 560 Náttúrlegar blöndur steríts og klóríts

E 561 Vermikúlít

E 562 Sepíólít

E 599 Perlít.

- 1.7. Þráavarnarefni. Einungis eftirtalin efni eru í þessum flokki:

E 306 Tókóferólauðugur kjarni af lífrænum uppruna.

- 1.8. Aukefni til votheysverkunar. Einungis eftirtalin efni eru í þessum flokki:

Ensím, gersveppir og bakteríur, sem eru leyfð frá og með 19. október 2004, samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1831/2003 um aukefni í föðri.

2. Tilkennar afurðir notaðar í fóður

Einungis eftirtalin efni eru í þessum flokki:

Ólger.

3. Tæknileg hjálparefni notuð í fóður

- 3.1. Tæknileg hjálparefni til votheysverkunar. Einungis eftirtalin efni eru í þessum flokki:

— sjávarsalt, óunnið steinsalt, mysa, sykur, sykurrófnamauk, kornmjöl og melassi,

— ensím, gersveppir og mjólkur-, edik-, maura- og própíónsýra, til og með 18. október 2004.

(*) Stjótið. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1. Tilskipun 70/524/EBE fellur úr gildi frá og með 19. 10. 2004. Frá og með þeim degi gildir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í föðri (Stjótið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29).“

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 392/2004

frá 24. febrúar 2004

um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 37. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽¹⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EBE) nr. 2092/91 ⁽²⁾ er kveðið á um samræmd rammaákvæði um merkingu, framleiðslu og skoðun landbúnaðarafurða sem eru merktar eða er ætlað að vera merktar lífrænu framleiðsluáðferðinni.
- 2) Í reglugerð (EBE) nr. 2092/91 er einnig kveðið á um vernd tiltekinnar hugtaka í gjörvöllu Bandalaginu sem eru notuð til að upplýsa neytendur um að matvæli eða fóður eða innihaldsefni þeirra hafi verið framleidd með lífrænu framleiðsluáðferðinni sem mælt er fyrir um í reglugerðinni. Sú vernd gildir einnig um afleidd orð eða stytt, hvort sem þau eru notuð ein sér eða í samsetningum og án tillits til þess á hvaða tungumáli þau eru. Rétt er að breyta fyrrgreindri reglugerð til samræmis við þetta til að koma í veg fyrir mistúlkun að því er varðar umfang téðrar vermdar.
- 3) Í reglugerð (EBE) nr. 2092/91 er einnig kveðið á um að rekstraradilar, sem framleiða, tilreiða eða flytja inn vörur frá þriðju löndum sem falla undir gildissvið reglugerðarinnar, skuli sæta eftirliti. Á síðustu árum hafa verið settar á markað nokkrar vörur með ábendingum sem vísa til lífrænu framleiðsluáðferðarinnar þó að þær samræmist ekki ákvæðunum í reglugerð (EBE) nr. 2092/91. Enn fremur gerðist það nýlega að vörur úr lífrænum búskap urðu fyrir

mengun af völdum illgresiseyða er þær voru í geymslu. Því er nauðsynlegt að efla eftirlitskerfið þannig að það nái til allra rekstraraðila í framleiðslu- og vinnsluferlinu.

- 4) Í samræmi við meginregluna um aðferð sem tekur mið af áhættu getur í sumum tilvikum talist óeðlilegt að láta kröfur um tilkynningarskyldu og eftirlit ná til tiltekinnar aðila í smásölu. Því er rétt að kveða á um að aðildarríkin geti veitt þeim aðilum undanþágu frá þessum kröfum.
- 5) Í samræmi við þagnarskylduna mega eftirlitsyfirvöld og -aðilar ekki veita öðrum aðgang að upplýsingum og gögnum sem þeir komast yfir við eftirlitið. Miðlun upplýsinga skal þó vera möguleg milli eftirlitsyfirvalda og -aðila til að bæta rekjanleika og tryggja samræmi við reglugerð (EBE) nr. 2092/91 í framleiðslu- og vinnsluferlinu.
- 6) Vegna þess að nota má kennimerki Bandalagsins, sem gefur til kynna að vörurnar sæti sérstöku eftirliti, fyrir vörur sem eru fluttar inn frá þriðju löndum þykir, til glöggvunar, rétt að kveða á um að gerðar séu sambærilegar kröfur um eftirlit með þessum vörum.
- 7) Rétt er að kveða á um að fresta gildistöku nýrra krafna um tilkynningar- og eftirlitsskyldu í því skyni að veita svigrúm til nauðsynlegrar aðlögunar, einkum í þeim aðildarríkjum þar sem engar kröfur af þessu tagi eru nú gerðar. Þetta hefur þó ekki áhrif á kröfur um eftirlit sem þegar eru gerðar á landsvisu.
- 8) Breyta ber reglugerð (EBE) nr. 2092/91 til samræmis við þetta.

⁽¹⁾ Álitum var skilað 4. desember 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB).

⁽²⁾ Stjótið. EB L 198, 22.7.1991, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 2277/2003 (Stjótið. ESB L 336, 23.12.2003, bls. 68).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EBE) nr. 2092/91 er breytt sem hér segir:

1. Í stað 2. gr. komi eftirfarandi:

„2. gr.

Í þessari reglugerð telst afurð, sem fylgja ábendingar sem vísa til lífrænu framleiðsluadferðarinnar, vera slík afurð ef afurðinni, innihaldsefnum hennar eða fôðurefnum er lýst á umbúðum, í auglýsingum eða viðskiptaskjölum með orðum sem gefa kaupanda til kynna að afurðin, innihaldsefni hennar eða fôðurefni hafi verið framleidd í samræmi við reglur um framleiðslu sem mælt er fyrir um í 6. gr. Einkum skal líta á eftirfarandi orð eða orð sem eru venjulega leidd af þeim (s.s. „lífrænn“) eða styttingar, ein sér eða í samsetningum, sem ábendingar sem vísa til lífrænu framleiðsluadferðarinnar í gjörvöllu Bandalaginu og á hvaða tungumáli Bandalagsins sem vera skal svo fremi þau eigi ekki við um annað en landbúnaðarafurðir í matvælum eða fôðri eða þau séu bersýnilega ekki í neinum tengslum við framleiðsluadferðina:

- á spænsku: ecológico,
- á dönsku: økologisk,
- á þýsku: ökologisch, biologisch,
- á grísku: βιολογικό,
- á ensku: organic,
- á frönsku: biologique,
- á ítölsku: biologico,
- á hollensku: biologisch,
- á portúgölsku: biológico,
- á finnsku: luonnonmukainen,
- á sænsku: ekologisk.“

2. Í stað 1. mgr. 8. gr. komi eftirfarandi:

„1. Allir rekstraraðilar, sem framleiða, tilreiða, geyma eða flytja inn frá þriðja landi vörur, sem eru tilgreindar í 1. gr., í þeim tilgangi að markaðssetja þær síðar, eða gera það nú þegar, skulu:

- a) tilkynna þessa starfsemi til lögbærs yfirvalds þess aðildarríkis þar sem starfsemin fer fram. Í tilkynningunni skulu koma fram þær upplýsingar sem um getur í IV. viðauka,
- b) nota eftirlitskerfið, sem um getur í 9. gr., í fyrirtæki sínu.

Aðildarríkin geta veitt rekstraraðilum, sem selja slíkar afurðir beint til neytenda eða notenda, undanþágu frá ákvæðum þessarar málsgreinar svo fremi þeir framleiði ekki, tilreiði eða geymi þær örðuvísi en í tengslum við sölustað, eða flytji inn slíkar vörur frá þriðja landi.

Ef rekstraraðili felur þriðja aðila einhverja starfsemi, sem um getur í fyrstu undirgrein, í undirverktöku skal sá rekstraraðili engu að síður uppfylla kröfurnar sem um getur í a- og b-lið og starfsemin, sem undirverktakinn annast, skal falla undir eftirlitskerfið sem um getur í 9. gr.“

3. Ákvæðum 9. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu koma á fót eftirlitskerfi sem rekstraraðilar, sem um getur í 1. mgr. 8. gr., falla undir og er rekið á vegum eftirlitsyrivalda og/eða á vegum viðurkenndra aðila.“

b) Eftirfarandi málslíður bætist við í b-lið 7. mgr.:

„Sé þess óskað, og sú beiðni helgast af nauðsyn þess að tryggja að afurðirnar hafi verið framleiddar í samræmi við þessa reglugerð, skulu þau skiptast á upplýsingum, sem skipta máli, við önnur eftirlitsyriföld eða viðurkennda eftirlitsaðila um niðurstöður eftirlitsins. Þau geta enn fremur haft frumkvæði að því að skiptast á framangreindum upplýsingum.“

c) Eftirfarandi komi í stað a-liðar 9. mgr.:

„a) tryggja, ef frávik eru í framkvæmd ákvæða 5. og 6. gr. eða þeirra ákvæða, sem um getur í 3. og 4. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 223/2003 frá 5. febrúar 2003 um lífræna framleiðsluadferð fôðurs, fôðurblandna og fôðurefna(*), eða þeirra ráðstafana, sem um getur í III. viðauka, að þær merkingar, sem kveðið er á um í 2. gr. um lífrænu framleiðsluadferðina, séu fjarlægðar af allri framleiðslueiningunni eða framleiðslutunni sem viðkomandi brot nær til.“

(*) Stjtið. ESB L 31, 6.2.2003, bls. 3.

4. Í stað b-liðar 1. mgr. 10. gr. komi eftirfarandi:

„b) hafa fallið undir eftirlitskerfið, sem um getur í 9. gr., á öllum stigum framleiðslu og tilreiðslu eða, ef um er að ræða innfluttar afurðir, falla undir sambærilegar ráðstafanir, en ef um er að ræða afurðir, sem eru fluttar inn í samræmi við 6. mgr. 11. gr., skal framkvæmd eftirlitsins vera í samræmi við kröfur sem eru jafngildar þeim sem kveðið er á um í 9. gr., einkum 4. mgr.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði 2. mgr. 1. gr. gilda frá 1. júlí 2005.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. febrúar 2004.

Fyrir hönd ráðsins,

J. WALSH

forseti.

B-deild – Útgáfud.: 21. nóvember 2005

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Vopnafjarðarhöfn.

1. gr.

Stærð og takmörk hafnarinnar.

Hafnarsvæði Vopnafjarðarhafnar: Innri höfnin takmarkast af línu, sem hugsast dregin frá suðurenda Leiðarhafnarhólma í brúna á Hofsa. Ytri takmörk hafnarinnar eru fyrir innan línu, sem hugsast dregin úr suðurenda Leiðarhafnarhólma í stefnu utan til við Drangnes. Hafnarsvæðið er eitt innan við Miðhólma og Skiphólma. Í Vopnafjarðarhöfn er hafnarvog og alhliða viðlegukantar með löndunarbúnaði fyrir uppsjávarfisk, olíu, lýsi og löndunarkrana. Lega hafnarsvæðisins er einnig sýnd á viðfestu korti sem er hluti af reglugerð þessari.

Landsvæði hafnarinnar skiptast í:

- Hafnarbakka og bryggjur.
- Farmstöðvar og önnur afgangslusvæði.
- Götur.
- Lóðir, iðnaðar- og baksvæði.

2. gr.

Stjórn hafnarinnar.

Vopnafjarðarhreppur, er eigandi hafnarinnar. Sveitarstjórn fer með yfirstjórn hafnamála, en framkvæmdastjórn skal falin hafnarstjórn og hafnarstjóra.

Hafnarstjórn er kjörin af sveitarstjórn skv. þeim reglum er gilda um kjör fastra nefnda sveitarstjórnar. Hafnarstjórn skipa 5 fulltrúar og 3 til vara og er kjörtímabil þeirra hið sama og sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps kýs formann úr hópi kjörinna hafnarstjórnarmanna. Hafnarstjórn skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Auk hinna kjörnu fulltrúa skal hafnarstjóri sitja fundi hafnarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt.

3. gr.

Starfs- og valdsvið hafnarstjórnar.

Hafnarstjórn hefur umsjón með fjármálum, rekstri, viðhaldi og nýbyggingum hafnarinnar. Leita skal staðfestingar sveitarstjórnar á fjárhagsáætlun hafnarsjóðs svo og lántökum hafnarsjóðs lengur en yfirstandandi fjárhagsár.

Hafnarstjórn hefur ákvörðunarvald um rekstur hafnarinnar, svo sem ráðstöfun á aðstöðu, þ.m.t. leiga á húsnæði í eigu hafnarinnar og landi hennar.

Hafnarstjórn veitir leyfi til starfsemi á hafnarsvæðinu og hefur vald til að banna eða takmarka afnot hafnarsvæðis fyrir starfsemi sem hún telur torvelda eðlilegri hafnarstarfsemi.

Hafnarstjórn gerir tillögur til sveitarstjórnar varðandi skipulagsmál á hafnarsvæðinu, enda hafi tillögurnar fengið umfjöllun skipulagsnefndar. Byggingamál á hafnarsvæðinu skulu hljóta umfjöllun hafnarstjórnar áður en þau eru lögð fyrir sveitarstjórn.

4. gr.

Starfs- og valdsvið hafnarstjóra.

Hafnarstjóri er skipaður af hafnarstjórn og fer hann með daglega stjórn hafnarinnar í umboði hafnarstjórnar. Hafnarstjóri undirbýr mál sem leggja á fyrir hafnarstjórn, veitir viðtöku erindum til hennar og sér um framkvæmd samþykktu hafnarstjórnar. Hann veitir hafnarstjórn og sveitarstjórn upplýsingar um málefni hafnarinnar. Hann sér um að

fjárhagsáætlun sé fylgt og ber ábyrgð á fjárreiðum hafnarsjóðs. Hann er yfirmaður allra starfsmanna hafnarinnar og sér um ráðningu þeirra og uppsögn.

Hafnarstjóri skal vinna störf sín í samræmi við ákvæði hafnalaga og hafnareglugerða, auk reglugerðar þessarar og fara að öðru leyti eftir samþykktum hafnarstjórnar og sveitarstjórnar.

Hafnarstjóri sér um að gætt sé reglu á öllu hafnarsvæðinu hvort sem er á sjó eða landi. Er öllum skylt að hlýða fyrirmælum hans, eða þeirra sem hann felur störf við eftirlit og aðgæslu.

5. gr.

Um aðra starfsmenn hafnarinnar.

Hafnarstarfsmenn sem hafa umsjón með eignum hafnarinnar, gæta reglu og sinna skipaþjónustu, skulu bera skilríki um starf sitt og/eða einkennisbúning samkvæmt ákvörðun hafnarstjórnar.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi en skipunum starfsmanna ber að hlýða þegar í stað. Telji einhver sig órétti beittan af hálfu starfsmanna hafnarinnar getur hann kært það til hafnarstjóra.

6. gr.

Hafnsaga og önnur þjónusta við skip.

Skip sem er lengra en 60 metrar (mesta lengd) og skip sem flytja hættulegan varning, skulu í öllum tilvikum hafa samband við hafnsögumann áður en siglt er inn í Vopnafjarðarhöfn.

Sérhvert skip samkvæmt 1. mgr. sem ætlar til Vopnafjarðarhafnar skal hafa samband við hafnsögumann með minnst 3ja klst. fyrirvara. Ef óskað er eftir hafnsögu er hafnsögumanni skylt að fara til móts við skipið allt að 6 sjómílum undan Vopnafjarðarhöfn.

Hafnsögumaður vísar skipinu leið til hafnar og má eigi yfirgefa það án samþykkis skipstjóra, fyrr en skipið er komið í viðlegu. Heimilt er hafnsögumanni meðan hann hefur ekki lokið starfi sínu að banna hverjum þeim sem ekki á lögmætt erindi að koma á skipsfjöð. Meðan hafnsögumaður dvelur um borð ber skipinu að sjá honum fyrir fæði.

7. gr.

Löggæsla á hafnarsvæði.

Lögreglan í umdæmi sýslumannsins á Seyðisfirði hefur á hendi almenna löggæslu á hafnarsvæðinu.

Þeim sem ekkert lögmætt erindi eiga á hafnarsvæðinu er bannað að dvelja þar ef þeir með því tálma lestun, losun eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónauðsynlegan akstur hvers konar ökutækja og ónauðsynlega umferð gangandi fólks um bryggju, hafnarbakka, farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði á hafnarsvæðinu. Fólk sem fer um hafnarsvæðið er þar ávallt á eigin áhættu og ábyrgð.

Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina eða á henni. Sömuleiðis er bannað að skjóta flugeldum á hafnarsvæðinu án leyfis.

Sand- og malarnám og önnur slík starfsemi er bönnuð á hafnarsvæðinu án leyfis hafnarstjóra. Fiskveiðar á hafnarsvæðinu mega ekki trufla eðlilega umferð og afgreiðslu. Bannað er að leggja veiðarfæri á merktar siglingaleiðir og er heimilt að fjarlægja slík veiðarfæri bótafast.

Hafnarstjóra skal þegar í stað tilkynnt um það sem bjargað er í höfninni en hann gefur lögreglunni skýrslu, telji hann þess þörf.

8. gr.

Bryggjur, skipsflök og hlutir í hirðuleysi.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur þar sem það, að áliti hafnarstjóra, tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal það fært burtu svo fljótt sem auðið er af eiganda, umráðamanni eða öðrum sem málið varðar. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á ábyrgð og kostnað eiganda og/eða umráðamanns og skal það flutt á öruggan stað, að vali og eftir mati hafnarstjóra.

Hafnarstjóra er heimilt að láta selja viðkomandi skip, til lúkningar á kostnaði, á hvern þann hátt sem hagkvæmastur þykir, að undangenginni áskorun til eiganda og/eða umráðamanns um að fjarlægja skipið tafarlaust. Sala fari fram á kostnað og ábyrgð eiganda og/eða umráðamanns skips.

Skipsflök má ekki draga á land á hafnarsvæðinu án leyfis hafnarstjóra.

Ef skip, bátar, bryggjur, flutningstæki á landi eða annar búnaður, í eigu annarra en hafnarinnar, er í hirðuleysi á hafnarsvæðinu og/eða veldur óþrifnaði eða hættu, þá skal hafnarstjóri fyrirskipa eiganda og/eða umráðamanni að gera nauðsynlegar úrbætur innan ákveðins frests. Sé slíkum fyrirmælum ekki sinnt, má fjarlægja viðkomandi hlut á ábyrgð og kostnað eiganda og/eða umráðamanns og koma fyrir í geymslu á öruggum stað, eftir vali og mati hafnarstjóra.

Hafnarstjóra er heimilt að láta selja viðkomandi hlut á hvern þann hátt sem hagkvæmastur þykir, til lúkningar á kostnaði, að undangenginni áskorun til eiganda og/eða umráðamanns um að fjarlægja hlutinn tafarlaust. Sala fari fram á ábyrgð og kostnað eiganda og/eða umráðamanns.

9. gr.

Varnir gegn mengun og óþrifnaði.

Engum úrgangi eða rusli má kasta í höfnina eða ytri höfn hennar.

Bannaður er hvers konar hvalskurður í eða við höfnina. Eigi má draga, reka eða flytja á annan hátt, inn í höfnina, hvali, skipsflök eða neitt það sem valdið getur óþrifnaði, umferðartruflun eða óþægindum í höfninni nema leyfi hafnarstjóra komi til.

Öllum skipum, farartækjum svo og verksmiðjum og öðrum atvinnurekstri er stranglega bannað að dæla eða láta renna í höfnina olíu, lýsi, olíusora eða öðru sem valdið getur mengun.

Skip sem hyggjast taka fljótandi eldsneyti skulu áður hafa gert ráðstafanir til að eldsneyti renni ekki í sjóinn af þilfari ef óhapp verður við eldsneytistöku. Afgreiðsluaðila er óheimilt að afgreiða olíu til skipa sem ekki hafa, að mati hafnarstarfsmanna, gert forsvaranlegar ráðstafanir til varnar mengun.

Um varnir gegn mengun sjávar og viðurlög við mengunarbrotum fer samkvæmt gildandi lögum á hverjum tíma.

10. gr.

Beiðni um og skilyrði fyrir þjónustu.

Allir þeir sem óska eftir afgreiðslu fyrir skip, láni á tækjum eða þjónustu á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér beint til starfsmanna hafnarinnar með beiðni þar að lútandi.

Heimilt er hafnarstjóra að neita þeim aðilum um aðstoð eða þjónustu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar og hafa ekki sinnt ítrekuðum áskorunum hafnarinnar um greiðslu gjaldfallinna gjalda. Í slíkri áskorun skal geta um þær afleiðingar af vanskilum sem koma fram í l. málslið greinarinnar.

11. gr.

Hverjum gefa skal fyrirmæli.

Fyrirmæli samkvæmt reglugerð þessari skulu gefin skipstjóra en stýrimanni ef skipstjóri er ekki á skipi. Ef stýrimaður er einnig fjarverandi má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipanir og er það jafngilt sem skipstjóri hefði sjálfur tekið við skipunum.

12. gr.

Um skaðabótaskyldu.

Um skaðabótaskyldu þeirra sem leið eiga um höfn og hafnarsvæði, vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum fer eftir almennum skaðabótareglum.

Ef ekki næst samkomulag um fjárhæð skaðabóta skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra matsmanna, sem dómkvaddir eru af héraðsdómi Austurlands. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að óska dómkvaðningar samkvæmt þessari grein. Kostnaður af mati greiðist að jöfnu.

Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, innan mánaðar frá því matsgerð samkvæmt 2. mgr. liggur fyrir og hefur verið kynnt aðilum. Til yfirmats skal dómkveðja þrjá matsmenn. Kostnaður við yfirmat greiðist af þeim sem þess krafðist, nema það sé honum í vil, þá skal kostnaður greiðast að jöfnu.

Niðurstaða dómkvaddra matsmanna, hvort sem er samkvæmt 2. eða 3. mgr. skal vera endanleg niðurstaða um bótafjárhæð.

13. gr.

Kæruheimild.

Notendum Vopnafjarðarhafnar er heimilt að skjóta ákvörðunum hafnarstjórnar samkvæmt reglugerð þessari, öðrum en gjaldskrárákvörðunum, til Siglingastofnunar Íslands. Ákvörðunum Siglingastofnunar má skjóta til samgönguráðherra. Um málsmeðferð fer samkvæmt ákvæðum stjórnarsýslulaga.

14. gr.

Brot.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggir við samkvæmt öðrum lögum. Um mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

15. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 4. gr. hafnalaga nr. 61/2003 og 17. gr. laga nr. 41/2003 um vaktstöð siglinga, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Vopnafjarðarhöfn nr. 13/1973, með síðari breytingum.

Samgönguráðuneytinu, 28. október 2005.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Reykjaneshöfn.

1. gr.

Stærð og takmörk hafnarinnar.

Hafnarsvæði Reykjaneshafnar er fyrir allri strandlengju lögsagnarumdæmis Reykjanesbæjar, og skiptist í Stakksfjörð og Hafnaleir.

Takmörk á sjó eru:

Á Stakksfirði: Norður- og austurtakmörk hafnarinnar er bein lína til austurs frá Stakk út í beina línu til norðurs frá Ytri-Skoru, miðað við réttar áttir.

Á Hafnaleir: Norður- og vesturtakmörk hafnarinnar er bein lína í vesturátt úr Djúpavogi um Einbúa og þaðan 3 sjómílar samsíða strandlengjunni að suðurmörkum við landamörk Grindavíkur á Reykjanestá.

Takmörk á landi eru: Öll strandlengja lögsagnarumdæmis Reykjanesbæjar.

Helstu hafnarsvæði eru: Njarðvíkurhöfn, Keflavíkurhöfn, Smábátahöfnin í Gróf, Helguvíkurhöfn, Hafnahöfn, og teljast þau öll til innri hafnar.

Landsvæði hafnarinnar skiptast í:

- Hafnarbakka og bryggjur.
- Farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði.
- Götur.
- Lóðir, iðnaðar- og baksvæði.

2. gr.

Stjórn hafnarinnar.

Reykjanesbær, er eigandi hafnarinnar. Bæjarstjórn fer með yfirstjórn hafnamála en framkvæmdastjórn skal falin hafnarstjórn og hafnarstjóra.

Hafnarstjórn er kjörin af bæjarstjórn skv. þeim reglum er gilda um kjör fastra nefnda bæjarstjórnar. Hafnarstjórn skipa 5 fulltrúar og 5 til vara og er kjörtímabil þeirra hið sama og bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar kýs formann úr hópi kjörinna hafnarstjórnarmanna og skal hann vera bæjarfulltrúi eða varabæjarfulltrúi. Hafnarstjórn skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Auk hinna kjörnu fulltrúa skal hafnarstjóri sitja fundi hafnarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt. Einnig hefur framkvæmdastjóri umhverfis- og skipulagssviðs Reykjanesbæjar heimild til að sitja fundi hafnarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt.

3. gr.

Starfs- og valdsvið hafnarstjórnar.

Hafnarstjórn hefur umsjón með fjármálum, rekstri, viðhaldi og nýbyggingum hafnarinnar. Leita skal staðfestingar bæjarstjórnar á fjárhagsáætlun hafnarsjóðs, svo og lántökum hafnarsjóðs lengur en yfirstandandi fjárhagsár.

Hafnarstjórn hefur ákvörðunarvald um rekstur hafnarinnar, svo sem ráðstöfun á aðstöðu þ.m.t. leiga á húsnæði í eigu hafnarinnar og landi hennar.

Hafnarstjórn veitir leyfi til starfsemi á hafnarsvæðinu og hefir vald til að banna eða takmarka afnot hafnarsvæða fyrir starfsemi er hún telur torvelda eðlilegri hafnarstarfsemi.

Hafnarstjórn gerir tillögur til bæjarstjórnar varðandi skipulagsmál á hafnarsvæðinu, enda hafi tillögurnar fengið umfjöllun skipulagsnefndar. Byggingamál á hafnarsvæðinu skulu hljóta umfjöllun hafnarstjórnar áður en þau eru lögð fyrir bæjarstjórn.

Hafnarstjórn er jafnframt atvinnuráð og fer með atvinnumál Reykjanesbæjar í tengslum við atvinnusvæði eins og í Helguvík. Atvinnu- og hafnaráð fer jafnframt með þau málefni er snúa að atvinnuþróun í Reykjanesbæ.

4. gr.

Starfs- og valdsvið hafnarstjóra.

Hafnarstjóri er skipaður af bæjarstjórn og fer hann með daglega stjórn hafnarinnar í umboði hafnarstjórnar. Hafnarstjóri undirbýr mál sem leggja á fyrir hafnarstjórn, veitir viðtöku erindum til hennar og sér um framkvæmd samþykktar hafnarstjórnar. Hann veitir hafnarstjórn og bæjarstjórn upplýsingar um málefni hafnarinnar. Hann sér um að fjárhagsáætlun sé fylgt og ber ábyrgð á fjárreiðum hafnarsjóðs. Hann er yfirmaður allra starfsmanna hafnarinnar og sér um ráðningu þeirra og uppsögn.

Hafnarstjóri skal vinna störf sín í samræmi við ákvæði hafnalaga og hafnareglugerða, auk reglugerðar þessarar og fara að öðru leyti eftir samþykktum hafnarstjórnar og bæjarstjórnar.

Hafnarstjóri sér um að gætt sé reglu á öllu hafnarsvæðinu hvort sem er á sjó eða landi. Er öllum skylt að hlýða fyrirmælum hans, eða þeirra sem hann felur störf við eftirlit og aðgæslu.

5. gr.

Um aðra starfsmenn hafnarinnar.

Hafnarstarfsmenn sem hafa umsjón með eignum hafnarinnar, gæta reglu og sinna skipaþjónustu, skulu bera skilríki um starf sitt og/eða einkennisbúning samkvæmt ákvörðun hafnarstjórnar.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi en skipunum starfsmanna ber að hlýða þegar í stað. Telji einhver sig órétti beittan af hálfu starfsmanna hafnarinnar getur hann kært það til hafnarstjóra.

6. gr.

Hafnsaga og önnur þjónusta við skip.

Skip sem er lengra en 70 metrar (mesta lengd) og skip sem flytja hættulegan varning skulu taka hafnsögumann við siglingu inn í, út úr eða um, innri höfnina.

Sérhvert skip, sem ætlar til Reykjaneshafnar og skal hlíta eða óskar eftir hafnsögu skal gera boð um það til hafnsögumanns með minnst 3ja klst. fyrirvara. Er hafnsögumanni skylt að fara til móts við skipið allt að 1 sjómílu undan Vatnsnesi, ef skipstjóri æskir þess.

Hafnsögumaður vísar skipinu leið til hafnar og má eigi yfirgefa það án samþykkis skipstjóra, fyrr en skipið er komið í viðlegu. Heimilt er hafnsögumanni meðan hann hefur ekki lokið starfi sínu að banna hverjum þeim sem ekki á lögmætt erindi að koma á skipsfjöln. Meðan hafnsögumaður dvelur um borð, ber skipinu að sjá honum fyrir fæði.

Hafnarstjóra er heimilt að veita skipstjóra skips sem skylt er að lúta hafnsögu skv. þessari grein, undanþágu frá hafnsögu. Skilyrði undanþágu er að skipstjóri hafi siglt viðkomandi eða sambærilegu skipi reglulega til hafnarinnar s.l. ár og komið næst liðið ár a.m.k. 8 sinnum til hafnarinnar og ekkert verið athugavert við þær siglingar. Undanþágan gildir einungis til siglinga á það eða þau hafnarsvæði, sem viðkomandi hefur reglulega komið á. Nú getur skipstjóri ekki gengt skipstjórnarstörfum í 2 ár og fellur undanþágan þá niður.

Undanþága frá hafnsögu skuldbindur viðkomandi skipstjóra til að hafa náíð talstöðvar-samband við hafnsögumenn og hlíta í einu og öllu fyrirmælum þeirra, ella má svipta þá undanþágunni fyrirvaralaust.

Heimilt er að veita þeim er áður hafa gengt hafnsögustörfum hjá Reykjaneshöfn hafnsöguréttindi.

Hafnarstjóri getur veitt undanþágu frá hafnsöguskyldu ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

Höfnin veitir dráttarbátaaðstoð, sér um bindingu skipa, afgreiðslu vatns, íss og rafmagns. Hafnsögumaður ákveður notkun báta og mannafla eftir aðstæðum hverju sinni.

Dráttarbátar hafnarinnar eru í þjónustu og á ábyrgð þess skips, er þeir aðstoða, frá því þeir taka við taug, eða fyrirmælum stjórnanda skipsins, er aðstoðar nýtur, og þar til taug er sleppt eða fyrirmæli gefin um að aðstoð sé lokið. Hafnsögumaður skal vera í skipi, er það nýtur aðstoðar dráttarbáts.

7. gr.

Löggæsla á hafnarsvæði.

Lögreglan í Keflavík hefur á hendi almenna löggæslu á hafnarsvæðinu.

Þeim sem ekkert lögmætt erindi eiga á hafnarsvæðinu er bannað að dvelja þar ef þeir með því tálma lestun, losun eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónauðsynlegan akstur hvers konar ökutækja og ónauðsynlega umferð gangandi fólks um bryggju, hafnarbakka, farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði á hafnarsvæðinu. Fólk sem fer um hafnarsvæðið er þar ávallt á eigin áhættu og ábyrgð.

Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina eða á henni. Sömu-leiðis er bannað að skjóta flugeldum á hafnarsvæðinu án leyfis.

Sand- og malarnám og önnur slík starfsemi er bönnuð á hafnarsvæðinu án leyfis hafnarstjóra. Fiskveiðar á hafnarsvæðinu mega ekki trufla eðlilega umferð og afgreiðslu. Bannað er að leggja veiðarfæri á merktar siglingaleiðir og er heimilt að fjarlægja slík veiðarfæri bóta-laust.

Hafnarstjóra skal þegar tilkynnt um allt það sem bjargað er í höfninni, en hann gefur lögreglunni skýrslu, telji hann þess þörf.

8. gr.

Bryggjur, skipsflök og hlutir í hirðuleysi.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur þar sem það, að áliti hafnarstjóra, tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það í burtu svo fljótt sem audið er af eiganda, umráðamanni eða öðrum sem málið varðar. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á ábyrgð og kostnað eiganda og/eða umráðamanns og skal það flutt á öruggan stað, að vali og eftir mati hafnarstjóra.

Hafnarstjóra er heimilt að láta selja viðkomandi skip, til lúkningar á kostnaði, á hvern þann hátt sem hagkvæmastur þykir, að undangenginni áskorun til eiganda og/eða umráðamanns um að fjarlægja skipið tafarlaust. Sala fari fram á kostnað og ábyrgð eiganda og/eða umráðamanns skips.

Skipsflök má ekki draga á land á hafnarsvæðinu án leyfis hafnarstjóra.

Ef skip, bátar, bryggjur, flutningstæki á landi eða annar búnaður, í eigu annarra en hafnarinnar, er í hirðuleysi á hafnarsvæðinu og/eða veldur óþrifnaði eða hættu, þá skal hafnarstjóri fyrirskipa eiganda og/eða umráðamanni að gera nauðsynlegar úrbætur innan ákveðins frests. Sé slíkum fyrirmælum ekki sinnt, má fjarlægja viðkomandi hlut á ábyrgð og kostnað eiganda og/eða umráðamanns og koma fyrir í geymslu á öruggan stað, eftir vali og mati hafnarstjóra.

Hafnarstjóra er heimilt að láta selja viðkomandi hlut á hvern þann hátt sem hagkvæmastur þykir, til lúkningar á kostnaði, að undangenginni áskorun til eiganda og/eða umráðamanns um að fjarlægja hlutinn tafarlaust. Sala fari fram á ábyrgð og kostnað eiganda og/eða umráðamanns.

9. gr.

Varnir gegn mengun og óþrifnaði.

Engum úrgangi eða rusli má kasta í höfnina eða ytri höfn hennar.

Bannaður er hvers konar hvalskurður í eða við höfnina. Eigi má draga, reka eða flytja á annan hátt, inn í höfnina, hvali, skipsflök eða neitt það sem valdið getur óþrifnaði, umferðartruflun eða óþægindum í höfninni nema leyfi hafnarstjóra komi til.

Öllum skipum, farartækjum svo og verksmiðjum og öðrum atvinnurekstri er stranglega bannað að dæla eða láta renna í höfnina olíu, lýsi, olíusora eða öðru sem valdið getur mengun.

Skip sem hyggjast taka fljótandi eldsneyti skulu áður hafa gert ráðstafanir til að eldsneyti renni ekki í sjóinn af þilfari ef óhapp verður við eldsneytistöku. Afgreiðsluaðila er óheimilt að afgreiða olíu til skipa sem ekki hafa, að mati hafnarstarfsmanns, gert forsvaranlegar ráðstafanir til varnar mengun.

Um varnir gegn mengun sjávar og viðurlög við mengunarbrotum fer samkvæmt gildandi lögum á hverjum tíma.

10. gr.

Beiðni um skilyrði fyrir þjónustu.

Allir þeir sem óska eftir afgreiðslu fyrir skip, láni á tækjum eða þjónustu á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér beint til starfsmanna hafnarinnar með beiðni þar að lútandi.

Heimilt er hafnarstjóra að neita þeim aðilum um aðstoð eða þjónustu, sem eru í vanskilum með gjöld hafnarinnar og hafa ekki sinnt ítrekuðum áskorunum hafnarinnar um greiðslu gjaldfallinna gjalda. Í slíkri áskorun skal geta um þær afleiðingar af vanskilum sem koma fram í 1. málslíð greinarinnar.

Sé talin ástæða til getur hafnarstjóri farið fram á að viðskiptavinur leggi fram tryggingu fyrir greiðslu hafnargjalda.

11. gr.

Hverjum gefa skal fyrirmæli.

Fyrirmæli samkvæmt reglugerð þessari skulu gefin skipstjóra en stýrimanni ef skipstjóri er ekki á skipi. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipanir og er það jafngilt sem skipstjóri hefði sjálfur tekið við skipunum.

12. gr.

Um skaðabótaskyldu.

Um skaðabótaskyldu þeirra sem leið eiga um höfn og hafnarvæði, vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum fer eftir almennum skaðabótareglum.

Ef ekki næst samkomulag um fjárhæð skaðabóta skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra matsmanna, sem dómkvaddir eru af hérðasdómi Reykjaness. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að óska dómkvaðningar samkvæmt þessari grein. Kostnaður af mati greiðist að jöfnu.

Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, innan mánaðar frá því matsgerð samkvæmt 2. mgr. liggur fyrir og hefur verið kynnt aðilum. Til yfirmats skal dómkveðja þrjá

matsmenn. Kostnaður við yfirmat greiðist af þeim er þess krafðist, nema það sé honum í vil, þá skal kostnaður greiðast að jöfnu.

Niðurstaða dómkvaddra matsmanna, hvort sem er samkvæmt 2. eða 3 mgr. skal vera endanleg niðurstaða um bótafjárhæð.

13. gr.

Kæruheimild.

Notendum Reykjaneshafnar er heimilt að skjóta ákvörðunum hafnarstjórnar samkvæmt reglugerð þessari, öðrum en gjaldskrárákvörðunum, til Siglingastofnunar Íslands. Ákvörðun Siglingastofnunar má skjóta til samgönguráðherra. Um málsmeðferð fer samkvæmt ákvæðum stjórnarsýslulaga.

14. gr.

Brot.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð Reykjaneshafnar. Um mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

15. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 4. gr. hafnalaga nr. 61/2003 og 17. gr. laga nr. 417/2003 um vaktstöð siglinga, staðfestist hér með til að öðlast gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Hafnasamlag Suðurnesja nr. 337/1998.

Samgönguráðuneytinu, 28. október 2005.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Kópavogshöfn.

1. gr.

Stærð og takmörk hafnarinnar.

Hafnarsvæði: Hafnarsvæði Kópavogshafnar markast af Hafnarbraut og fellur svæðið vestan við það undir hafnarsvæði. Samkvæmt gildandi aðalskipulagi fellur hluti svæðis norðan Vesturvarar einnig undir hafnarsvæði.

Takmörk á sjó eru: Miðlína milli Kársness og Reykjavíkur á Fossvogi. Miðlína milli Kársness og Arnarness á Kópavogi. Miðlína milli Kársness og Bessastaðaness að vestan. Lögsaga á sjó miðast við línu sem dregin er frá Álftanesvista að sunnan í Suðurnes að norðan.

Helstu hafnarsvæði eru: Smábátahöfn, miðgarður og norðurgarður.

Landsvæði hafnarinnar skiptast í:

- Hafnarbakka og bryggjur.
- Farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði.
- Götur.
- Lódir, iðnaðar- og baksvæði.

2. gr.

Stjórn hafnarinnar.

Kópavogsbær, er eigandi hafnarinnar. Sveitarstjórn fer með yfirstjórn hafnamála, en framkvæmdastjórn skal falin hafnarstjórn og hafnarstjóra.

Hafnarstjórn er kjörin af sveitarstjórn skv. þeim reglum er gilda um kjör fastra nefnda sveitarstjórnar. Hafnarstjórn skipa 5 fulltrúar og 5 til vara og er kjörtímabil þeirra hið sama og sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn Kópavogsbæjar kýs formann úr hópi kjörinna hafnarstjórnarmanna. Hafnarstjórn skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Auk hinna kjörnu fulltrúa skal hafnarstjóri sitja fundi hafnarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt.

3. gr.

Starfs- og valdsvið hafnarstjórnar.

Hafnarstjórn hefur umsjón með fjármálum, rekstri, viðhaldi og nýbyggingum hafnarinnar. Leita skal staðfestingar sveitarstjórnar á fjárhagsáætlun hafnarsjóðs svo og lántökum hafnarsjóðs lengur en yfirstandandi fjárhagsár.

Hafnarstjórn hefur ákvörðunarvald um rekstur hafnarinnar, svo sem ráðstöfun á aðstöðu, þ.m.t. leiga á húsnæði í eigu hafnarinnar og landi hennar.

Hafnarstjórn veitir leyfi til starfsemi á hafnarsvæðinu og hefur vald til að banna eða takmarka afnot hafnarsvæðis fyrir starfsemi sem hún telur torvelda eðlilegri hafnarstarfsemi.

Hafnarstjórn gerir tillögur til sveitarstjórnar varðandi skipulagsmál á hafnarsvæðinu, enda hafi tillögurnar fengið umfjöllun skipulagsnefndar. Byggingamál á hafnarsvæðinu skulu hljóta umfjöllun hafnarstjórnar áður en þau eru lögð fyrir sveitarstjórn.

4. gr.

Starfs- og valdsvið hafnarstjóra.

Hafnarstjóri er skipaður af hafnarstjórn og fer hann með daglega stjórn hafnarinnar í umboði hafnarstjórnar. Hafnarstjóri undirbýr mál sem leggja á fyrir hafnarstjórn, veitir viðtöku erindum til hennar og sér um framkvæmd samþykktar hafnarstjórnar. Hann veitir hafnarstjórn og sveitarstjórn upplýsingar um málefni hafnarinnar. Hann sér um að fjárhagsáætlun sé fylgt og ber ábyrgð á fjárreiðum hafnarsjóðs. Hann er yfirmaður allra starfsmanna hafnarinnar og sér um ráðningu þeirra og uppsögn.

Hafnarstjóri skal vinna störf sín í samræmi við ákvæði hafnalaga og hafnareglugerða, auk reglugerðar þessarar og fara að öðru leyti eftir samþykktum hafnarstjórnar og sveitarstjórnar.

Hafnarstjóri sér um að gætt sé reglu á öllu hafnarsvæðinu hvort sem er á sjó eða landi. Er öllum skylt að hlýða fyrirmælum hans, eða þeirra sem hann felur störf við eftirlit og aðgæslu.

5. gr.

Um aðra starfsmenn hafnarinnar.

Hafnarstarfsmenn sem hafa umsjón með eignum hafnarinnar, gæta reglu og sinna skipaþjónustu, skulu bera skilríki um starf sitt og/eða einkennisbúning samkvæmt ákvörðun hafnarstjórnar.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi en skipunum starfsmanna ber að hlýða þegar í stað. Telji einhver sig órétti beittan af hálfu starfsmanna hafnarinnar getur hann kært það til hafnarstjóra.

6. gr.

Hafnsaga og önnur þjónusta við skip.

Skip sem er lengra en 60 metrar (mesta lengd) og skip sem flytja hættulegan varning, skulu taka hafnsögumann um borð við siglingu inn í, út úr eða um, innri Kópavogshöfn.

Sérhvertt skip, sem ætlar til Kópavogshafnar og skal hlíta eða óskar eftir hafnsögu skal gera boð um það til hafnsögumanns með minnst 3ja klst. fyrirvara. Er hafnsögumanni skylt að fara til móts við skipið allt að 2 sjómílum undan Kerlingaskers við 6 bauju, ef skipstjóri æskir þess.

Hafnsögumaður vísar skipinu leið til hafnar og má eigi yfirgefa það án samþykkis skipstjóra, fyrr en skipið er komið í viðlegu. Heimilt er hafnsögumanni meðan hann hefur ekki lokið starfi sínu að banna hverjum þeim sem ekki á lögmætt erindi að koma á skipsfjöl. Meðan hafnsögumaður dvelur um borð ber skipinu að sjá honum fyrir fæði.

Hafnarstjóra er heimilt að veita skipstjóra skips sem skylt er að lúti hafnsögu skv. þessari grein, undanþágu frá hafnsögu. Skilyrði undanþágu er að skipstjóri hafi siglt viðkomandi eða sambærilegu skipi reglulega til hafnarinnar síðast liðin 3 ár og komið næst liðið ár a.m.k. 8 sinnum til hafnarinnar og ekkert verið athugavert við þær siglingar. Undanþágan gildir einungis til siglinga á það eða þau hafnarsvæði, sem viðkomandi hefur reglulega komið á. Nú hefur skipstjóri ekki gegnt skipstjórnarstörfum í 2 ár og fellur undanþágan þá niður.

Undanþága frá hafnsögu skuldbindur viðkomandi skipstjóra til að hafa náð talstöðvar-samband við hafnsögumenn og hlíta í einu og öllu fyrirmælum þeirra, ella má svipta þá undanþáguna fyrirvaralaust.

Hafnarstjóri getur veitt undanþágu frá hafnsöguskyldu ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

Höfnin veitir, eftir atvikum, aðstoð dráttarbáta, sér um bindingu skipa, sölu og afgreiðslu vatns og rafmagns. Hafnsögumaður ákveður notkun báta og mannafla eftir aðstæðum hverju sinni.

Dráttarbátar hafnarinnar eru í þjónustu og á ábyrgð þess skips, er þeir aðstoða, frá því þeir taka við taug, eða fyrirmælum stjórnanda skipsins, er aðstoðar nýtur, og þar til taug er sleppt eða fyrirmæli gefin um að aðstoð sé lokið. Hafnsögumaður skal vera í skipi, er það nýtur aðstoðar dráttarbáts.

7. gr.

Löggæsla á hafnarsvæði.

Lögreglan í Kópavogsumdæmi hefur á hendi almenna löggæslu á hafnarsvæðinu.

Þeim sem ekkert lögmætt erindi eiga á hafnarsvæðinu er bannað að dvelja þar ef þeir með því tálma lestun, losun eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónauðsynlegan akstur hvers konar ökutækja og ónauðsynlega umferð gangandi fólks um bryggju, hafnarbakka, farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði á hafnarsvæðinu. Fólk sem fer um hafnarsvæðið er þar ávallt á eigin áhættu og ábyrgð.

Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina eða á henni. Sömu leiðis er bannað að skjóta flugeldum á hafnarsvæðinu án leyfis.

Sand- og malarnám og önnur slík starfsemi er bönnuð á hafnarsvæðinu án leyfis hafnarstjóra. Fiskveiðar á hafnarsvæðinu mega ekki trufla eðlilega umferð og afgreiðslu. Bannað er að leggja veiðarfæri á merktar siglingaleiðir og er heimilt að fjarlægja slík veiðarfæri bóta-laust.

Hafnarstjóra skal þegar í stað tilkynnt um það sem bjargað er í höfninni en hann gefur lögreglunni skýrslu, telji hann þess þörf.

8. gr.

Bryggjur, skipsflök og hlutir í hirðuleysi.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur þar sem það, að áliti hafnarstjóra, tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal það fært burtu svo fljótt sem auðið er af eiganda, umráðamanni eða öðrum sem málið varðar. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á ábyrgð og kostnað eiganda og/eða umráðamanns og skal það flutt á öruggan stað, að vali og eftir mati hafnarstjóra.

Hafnarstjóra er heimilt að láta selja viðkomandi skip, til lúkningar á kostnaði, á hvern þann hátt sem hagkvæmastur þykir, að undangenginni áskorun til eiganda og/eða umráðamanns um að fjarlægja skipið tafarlaust. Sala fari fram á kostnað og ábyrgð eiganda og/eða umráðamanns skips.

Skipsflök má ekki draga á land á hafnarsvæðinu án leyfis hafnarstjóra.

Ef skip, bátar, bryggjur, flutningstæki á landi eða annar búnaður, í eigu annarra en hafnarinnar, er í hirðuleysi á hafnarsvæðinu og/eða veldur óþrifnaði eða hættu, þá skal hafnarstjóri fyrirskipa eiganda og/eða umráðamanni að gera nauðsynlegar úrbætur innan ákveðins frests. Sé slíkum fyrirmælum ekki sinnt, má fjarlægja viðkomandi hlut á ábyrgð og kostnað eiganda og/eða umráðamanns og koma fyrir í geymslu á öruggum stað, eftir vali og mati hafnarstjóra.

Hafnarstjóra er heimilt að láta selja viðkomandi hlut á hvern þann hátt sem hagkvæmastur þykir, til lúkningar á kostnaði, að undangenginni áskorun til eiganda og/eða umráðamanns um að fjarlægja hlutinn tafarlaust. Sala fari fram á ábyrgð og kostnað eiganda og/eða umráðamanns.

9. gr.

Varnir gegn mengun og óþrifnaði.

Engum úrgangi eða rusli má kasta í höfnina eða ytri höfn hennar.

Bannaður er hvers konar hvalskurður í eða við höfnina. Eigi má draga, reka eða flytja á annan hátt, inn í höfnina, hvali, skipsflök eða neitt það sem valdið getur óþrifnaði, umferðartruflun eða óþægindum í höfninni nema leyfi hafnarstjóra komi til.

Öllum skipum, farartækjum svo og verksmíðjum og öðrum atvinnurekstri er stranglega bannað að dæla eða láta renna í höfnina olíu, lýsi, olíusora eða öðru sem valdið getur mengun.

Skip sem hyggjast taka fljótandi eldsneyti skulu áður hafa gert ráðstafanir til að eldsneyti renni ekki í sjóinn af þilfari ef óhapp verður við eldsneytistöku. Afgreiðsluaðila er óheimilt að afgreiða olíu til skipa sem ekki hafa, að mati hafnarstarfsmanna, gert forsvaranlegar ráðstafanir til varnar mengun.

Um varnir gegn mengun sjávar og viðurlög við mengunarbrotum fer samkvæmt gildandi lögum á hverju tíma.

10. gr.

Beiðni um og skilyrði fyrir þjónustu.

Allir þeir sem óska eftir afgreiðslu fyrir skip, láni á tækjum eða þjónustu á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér beint til starfsmanna hafnarinnar með beiðni þar að lútandi.

Heimilt er hafnarstjóra að neita þeim aðilum um aðstoð eða þjónustu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar og hafa ekki sinnt ítrekuðum áskorunum hafnarinnar um greiðslu gjaldfallinna gjalda. Í slíkri áskorun skal geta um þær afleiðingar af vanskilum sem koma fram í 1. málslíð greinarinnar.

11. gr.

Hverjum gefa skal fyrirmæli.

Fyrirmæli samkvæmt reglugerð þessari skulu gefin skipstjóra en stýrimanni ef skipstjóri er ekki á skipi. Ef stýrimaður er einnig fjarverandi má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipanir og er það jafngilt sem skipstjóri hefði sjálfur tekið við skipunum.

12. gr.

Um skaðabótaskyldu.

Um skaðabótaskyldu þeirra sem leið eiga um höfn og hafnarsvæði, vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum fer eftir almennum skaðabótareglum.

Ef ekki næst samkomulag um fjárhæð skaðabóta skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra matsmanna, sem dómkvaddir eru af héraðsdómi Reykjaness. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að óska dómkvæðningar samkvæmt þessari grein. Kostnaður af mati greiðist að jöfnu.

Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, innan mánaðar frá því matsgerð samkvæmt 2. mgr. liggur fyrir og hefur verið kynnt aðilum. Til yfirmats skal dómkveðja þrjá matsmenn. Kostnaður við yfirmat greiðist af þeim sem þess krafðist, nema það sé honum í vil, þá skal kostnaður greiðast að jöfnu.

Niðurstaða dómkvaddra matsmanna, hvort sem er samkvæmt 2. eða 3. mgr. skal vera endanleg niðurstaða um bótafjárhæð.

13. gr.

Kæruheimild.

Notendum Kópavogshafnar er heimilt að skjóta ákvörðunum hafnarstjórnar samkvæmt reglugerð þessari, öðrum en gjaldskrárákvörðunum, til Siglingastofnunar Íslands. Ákvörð-

unum Siglingastofnunar má skjóta til samgönguráðherra. Um málsmeðferð fer samkvæmt ákvæðum stjórnslulaga.

14. gr.

Brot.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Um mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

15. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 4. gr. hafnalaga nr. 61/2003 og 17. gr. laga nr. 41/2003 um vaktstöð siglinga, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Kópavogshöfn nr. 197/1974, með síðari breytingum.

Samgönguráðuneytinu, 28. október 2005.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

REGLUR

ríkisskattstjóra um skyldur áfengisframleiðanda við framleiðslu, flutning, geymslu, sölu og förgun.

Afmörkun.

1. gr.

Reglur þessar eru settar sem liður í skyldubundnu eftirlitshlutverki ríkisskattstjóra með innlendri áfengisframleiðslu og taka til eftirfarandi þátta:

1. Átöppunar.
2. Lokunar ölkúta (söluumbúða) með innsigli.
3. Töku og meðferðar rannsóknarsýna.
4. Afskriftar og förgunar skemmds eða gallaðs áfengis.

2. gr.

Með áfengi í reglum þessum er átt við hvern þann vökva, sem inniheldur meira en 2,25% af vínanda að rúmmáli, mældan við 20°C hita. Áfengi flokkast með eftirgreindum hætti:

1. Öl sem flokkast undir vörulið 2203 í tollskrá og blöndur af öli og óáfengum drykkjum sem flokkast undir vörulið 2206.
2. Vín sem flokkast undir vöruliði 2204 og 2205 í tollskrá, svo og gerjaðar drykkjarvörur sem falla undir vörulið 2206 og ekki hafa verið blandaðar öðrum drykkjarvörum.
3. Annað áfengi.

3. gr.

Með eftirlitsmanni í reglum þessum er átt við starfsmann ríkisskattstjóra, sem hann hefur falið eftirlitsstörf, og starfsmann skattstjóra sem rækir eftirlitshlutverk ríkisskattstjóra í hans umboði.

Átöppun og flutningur á lager.

4. gr.

Áfengisframleiðandi skal tilkynna eftirlitsmanni um átöppun, með tölvupósti eða á annan sannanlegan hátt, svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en fyrir kl. 16.00 næstan virkan dag fyrir átöppun.

Við átöppun, hvort heldur sem er dósa, glerflaskna, plastflaskna, smáflaskna (mineratora) eða þrýstikúta, skal notast við teljara.

Gera skal framleiðsluskýrslu í lok hverrar framleiðslulínu. Á framleiðsluskýrslu skal koma fram framleiðslunúmer, vöruheiti, stærð, tegund umbúða, fjöldi framleiddra eininga, fjöldi rannsóknareininga og fjöldi eininga sem fargað er. Framleiðsluskýrsla skal vera fyrirfram númeruð í hlaupandi númeraröð og undirrituð a.m.k. af tveimur starfsmönnum. Eftir lok hverrar framleiðslulínu skal án tafar farga því sem ekki fer til sölu.

Á flutningsskýrslu með vörum á lager skal koma fram framleiðslunúmer, vöruheiti, stærð, tegund umbúða og fjöldi eininga. Flutningsskýrsla skal vera fyrirfram númeruð í hlaupandi númeraröð og undirrituð a.m.k. af tveimur starfsmönnum. Ef rýrnun verður á vöru frá verksmiðju til lagars skal hún færð á skýrsluna og bæði bílstjóri og móttakandi vöru staðfesta það.

Framleiðsluskýrslum og flutningsskýrslum skal skilað til ríkisskattstjóra ásamt skilagreinum áfengisgjalds 1. og 15. dag hvers mánaðar.

Verði rýrnun á vörulager án þess að sala eða afhending komi fram í birgðabókhaldber gjaldskyldum framleiðanda ótilkvöddum að greiða áfengisgjald vegna vörurýrnunar á því uppgjörstímabili þegar rýrnunar verður vart.

Lagergeymsla skal fullnægja skilyrðum 7. gr. reglugerðar nr. 828/2005, um framleiðslu, innflutning og heildsölu áfengis í atvinnuskyni og skal lager vera aðgengilegur þannig að hægt verði að gera vörutalningar á auðveldan hátt skv. 14. gr. reglugerðar nr. 505/1998, um áfengisgjald.

Innsigli.

5. gr.

Kútum (söluumbúðum) öls skv. 1. tölul. 2. gr., 20 lítra eða stærri, skal framleiðandi við átöppun loka með innsiglishettum sem ríkisskattstjóri hefur samþykkt til þeirra nota.

Rannsóknarsýni.

6. gr.

Áfengisframleiðanda er heimilt, án greiðslu áfengisgjalds, að taka sýni af fullnum framleiðsluvörum sínum til geymslu og rannsóknar síðar, þ.m.t. til bragð- og lyktgreiningar (smökkunar), sem hér segir:

1. Af áfengi skv. 1. tölul. 2. gr., þ.e. öli og ölblöndum, sem tappað er á dósir eða flöskur, er við hverja átöppun (framleiðslulotu) heimilt að taka sem rannsóknarsýni eina dós eða flösku af hverjum tólfhundrað og fimmtíu dósnum eða flöskum sem tappað er á í framleiðslulotunni. Framleiðslulota í þessu sambandi miðast við átöppun á hverja og eina umbúðategund.
2. Af áfengi skv. 1. tölul. 2. gr., þ.e. öli og ölblöndum, sem tappað er á kúta er við hverja átöppun (framleiðslulotu) heimilt að taka sem rannsóknarsýni einn kút, enda sé í framleiðslulotunni tappað á minnst eitthundrað kúta.
3. Af áfengi skv. 2. og 3. tölul. 2. gr. er heimilt að taka sem rannsóknarsýni allt að einum lítra áfengis úr hverri lögum, óháð því hvort löguminni er tappað á umbúðir í einni framleiðslulotu eða fleiri lotum. Nýti framleiðandi heimildina skal rannsóknarsýni tekið við átöppun. Hver lögum í þessu sambandi afmarkast í samræmi við blöndunarskýrslur.

Við sérstakar aðstæður getur eftirlitsmaður heimilað áfengisframleiðanda frekari töku sýna til fyrirfram tiltekinna rannsókna.

Rannsóknarsýni skulu eingöngu notuð til rannsókna.

7. gr.

Við átöppun áfengis skv. 1. tölul. 2. gr. er framleiðanda heimilt að taka eftir þörfum sýni til efnafræðilegra rannsókna meðan á átöppun stendur. Í lok átöppunar (framleiðslulotu) skal slíkum sýnum sem ekki hafa verið notuð fargað.

Afskrift og förgun.

8. gr.

Skemmt eða gallað áfengi, sem framleiðandi á í birgðageymslum sínum og ekki hefur verið greitt áfengisgjald af, má því aðeins afskrifa og farga án greiðslu áfengisgjalds af því, að fylgt sé reglum þeim sem tilgreindar eru í 9. gr.

Við uppgjör áfengisgjalds má framleiðandi draga frá gjaldi, sem honum ber að greiða, gjald sem hann hefur áður greitt af áfengi sem skilað hefur verið til hans þar sem það hefur

reynst skemmt eða gallað. Frádráttarréttur þessi er bundinn því skilyrði að hið skilaða áfengi hafi verið afskrifað og því fargað eftir þeim reglum sem tilgreindar eru í 9. gr.

Áfengi sem hefur verið skilað og greitt hefur verið áfengisgjald af skal eingöngu farga eftir kreditreikningum og undir eftirliti ríkisskattstjóra. Förgun á öðru áfengi sem ekki hefur verið greitt áfengisgjald af skal tilkynnt til ríkisskattstjóra sem gefur leyfi fyrir förguninni.

Framleiðandi getur tilkynnt áfengiseftirliti ríkisskattstjóra án tafar um illskýranleg atvik sem fram koma í framleiðslu og flutningi. Ríkisskattstjóri metur hvort þörf sé á því að eftirlitsmenn komi á staðinn.

9. gr.

Áður en förgun skemmds eða gallaðs áfengis fer fram skal hún tilkynnt til áfengiseftirlits ríkisskattstjóra. Förgun skemmds eða gallaðs áfengis skal ætíð fara fram undir eftirliti eftirlitsmanns. Skemmt telst áfengi m.a. ef komið er fram yfir síðasta tilgreindan neysludag. Áfengi telst m.a. gallað ef það er ósöluhæft vegna skemmdra umbúða.

Samhliða förgun samkvæmt 1. mgr. má afskrifa skemmt eða gallað áfengi sem hér segir:

1. Áfengi á flösku má því aðeins afskrifa að flaska hafi ekki verið opnuð, þ.m.t. að ekki hafi verið rofið innsigli á tappa með innsigli. Afskrift miðast við upprunalegt magn í flösku.
2. Áfengi á dós má því aðeins afskrifa að dós sé órofin. Afskrift miðast við upprunalegt magn í dós.
3. Afskrifa má öl á kút þótt innsigli hafi verið rofið. Innihaldi kútur við afskrift meira en 90% upphaflegs magns skal afskrift miðast við upprunalega magnið. Að öðrum kosti skal afskrift miðast við það magn sem í kútnum er við afskrift.

Kynningar og gjafir.

10. gr.

Óheimilt er að afhenda áfengi út af eigin lager í þeim tilgangi að gefa það.

Þegar um er að ræða afhendingu á áfengi til kynningar út af eigin lager ber framleiðanda ávallt að innheimta og skila áfengisgjaldi í þeim tilvikum, sbr. 6. gr. laga nr. 96/1995, um gjald af áfengi.

Þegar um er að ræða kynningu á áfengi annað hvort gagnvart seljendum áfengis eða ótilteknum hópi manna á vínveitingastöðum skal söluaðili (aðili með vínveitingaleyfi skv. 12. gr. áfengislaga nr. 75/1998) hafa með höndum kynninguna f.h. dreifingaraðila/framleiðanda. Með kynningu áfengis er m.a. átt við það tilvik þegar áfengi er afhent söluaðila í þeim tilgangi að hann afhendi það án endurgjalds.

Óheimilt er að afhenda áfengi af eigin lager til kynningar gagnvart tilteknum fyrirfram ákveðnum hópi manna sem hafa ekki með höndum sölu á áfengi þar sem slík afhending hefur einkenni gjafa.

Gefa skal út sölureikning við sérhverja sölu eða afhendingu á vöru. Ávallt skal gefa út sölureikning á nafni kynningaraðila í þeim tilvikum þegar tekið er út af eigin lager. Sama gildir þegar áfengi er keypt og afhent til kynninga. Á sölureikningum sem gefnir eru út á kynningaraðila vegna kynningar skal koma fram tilefni kynningar, þ.e. kynning vegna... og skilyrði fyrir afhendingunni s.s. hvort áfengið ber að afhenda endurgjaldslaust eða ekki. Jafnframt skal koma fram á sölureikningi tegund, magn og lýsing á hinu afhenta áfengi en fjárhæð reikningsins skal vera 0. Frumrit sölureiknings skal afhent kynningaraðila en tekið skal fram að honum er óheimilt að gjaldfæra hið móttækna áfengi. Sölureikningur sem gefinn er út í umræddum tilvikum skal því ávallt gefinn út á nafn þess sem kynnir áfengið en ítrekað skal að fjárhæð hans skal vera 0 kr.

Ýmis ákvæði.

11. gr.

Brot gegn reglum þessum getur leitt til endurákvörðunar á áfengisgjaldi, álags á það og dráttarvaxta.

12. gr.

Reglur þessar eru settar á grundvelli 14. gr. reglugerðar nr. 505/1998, um áfengisgjald og taka gildi 1. janúar 2006. Frá sama tíma falla úr gildi eldri reglur um sama efni settar af ríkisskattstjóra.

Reykjavík, 10. nóvember 2005.

Ingvar J. Rögnvaldsson
vararíkisskattstjóri.

Jón H. Steingrímsson,
forstöðumaður þjónustusviðs.

B-deild – Útgáfud.: 21. nóvember 2005

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
976	21. okt.	Reglur um breytingu á reglum nr. 888/1999 fyrir Háskólann á Akureyri	2002
977	21. okt.	Reglur um breytingu á prófareglum fyrir Háskólann á Akureyri	2003
978	18. okt.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 236/1990, um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni	2004-2138
979	28. okt.	Reglugerð um (18.) breytingu á reglugerð nr. 340/2001 um eftirlit með fóðri	2139-2204
980	28. okt.	Reglugerð um (3.) breytingu á reglugerð nr. 74/2002 um lífræna landbúnaðarframleiðslu og merkingar	2205-2217
981	28. okt.	Hafnarreglugerð fyrir Vopnafjarðarhöfn	2218-2222
982	28. okt.	Hafnarreglugerð fyrir Reykjaneshöfn	2223-2227
983	28. okt.	Hafnarreglugerð fyrir Kópavogshöfn	2228-2232
984	10. nóv.	Reglur ríkisskattstjóra um skyldur áfengisframleiðanda við framleiðslu, flutning, geymslu, sölu og förgun	2233-2236

